

NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA



Nám að loknum grunnskóla

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ 2007



Menntamálaráðuneytið: Rit nr. 32
Mars 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is
© 2007 Menntamálaráðuneytið 32. útg.

Hönnun og umbrot: Himinn og haf
Prentun: Svansprent

ISBN 978 9979 777 34 2



Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
1. kafli. Almennt um framhaldsskóla	9
Innritun í framhaldsskóla 2007	10
Aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrár	11
Ýmis ákvæði og undanþágur	11
Námsstyrkir	12
2. kafli. Námsbrautir og inntökuskilyrði	13
Listi yfir námsbrautir í framhaldsskólum	13
Lýsing á námsbrautum framhaldsskóla	13
Almenn námsbraut	13
Bóknámsbrautir	14
Annað nám sem lýkur með stúdentsprófi	15
Listnámsbraut	15
Starfsbrautir	15
Starfsnámsbrautir	16
Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla	30
3. kafli. Lýsingar á framhaldsskólum	33
4. kafli. Töflur yfir námsframboð í framhaldsskólum	101
Upplýsingar um skóla (símanúmer, vefköng, netköng)	112
Viðauki:	116
Reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla	116
Reglugerð um námsstyrki	120
Skrá yfir löggiltar iðngreinar	124





Formáli



Ágætu nemendur!

Þið eruð nú á nokkrum tímamótum. Skyldunámið er að baki og við tekur framhaldsskólastigið. Í fyrsta sinn þurfið þið að ákveða sjálf hvert skuli stefna í frekara námi. Þessu nýfengna frelsi fylgir sú ábyrgð að kynna sér vel námsframboð framhaldsskólanna og íhuga vandlega hvaða nám sé best í samræmi við áhuga og hæfileika hvers og eins.

Framhaldsskólinn er fyrir alla. Á Íslandi eru yfir 30 framhaldsskólar og hver og einn hefur sín sérkenni og áherslur. Allir stefna þeir þó að sama marki, að veita nemendum sínum sem besta menntun. Námsframboð á framhaldsskólastigi hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og þess er gætt að námið endi ekki í blindgötu. Þannig geta þeir nemendur sem hefja nám á bóknámsbrautum auðveldlega skipt yfir á starfsnámsbrautir og nemendur starfsnámsbrauta geta á sama hátt haldið áfram námi til stúdentsprófs. Einnig gefst nemendum kostur á að stunda almennt nám til að bæta undirbúning sinn fyrir nám á vissum námsbrautum eða til að kynnst betur þeim valkostum sem eru í boði áður en ákveðin námsbraut er valin.

Tilgangur þessa bæklinga er að kynna námsbrautir framhaldsskólastigsins svo og námsframboð og þjónustu einstakra framhaldsskóla. Margvíslegan frekari fróðleik um skólana, sérstöðu þeirra og sérkenni, er svo að finna á heimasíðum þeirra. Í bæklingnum eru upplýsingar um skilyrði um námsárangur við lok grunnskóla sem gilda um inntöku á einstakar námsbrautir. Mikilvægt er að nemendur kynni sér vel þessi skilyrði áður en sótt er um. Innritun í framhaldsskóla er rafræn, þ.e. sótt er um skólavist á netinu.

Oft finnast spennandi náms- og starfsmöguleikar á sviðum sem nemendur hafa ef til vill haft lítil kynni af í uppveiti sínum enda lifum við á tímum breytinga. Mikil framþróun hefur orðið í starfs- og tæknimenntun á ýmsum sviðum. Ég vil því hvetja ykkur öll til að kynna ykkur vandlega þá starfs- og tæknimenntun sem er í boði í framhaldsskólunum.

Ég vona að bæklingurinn komi ykkur að góðum notum við það vandasama en spennandi verkefni að velja framhaldsskóla sem hugur ykkar stendur til. Ég óska ykkur alls hins besta í framtíðinni og vona að framundan sé þroskandi og skemmtilegur tími í góðum framhaldsskóla.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra





Inngangur

Þessum bæklingi er ætlað að kynna fyrir grunnskólanemendum, foreldrum þeirra eða forráðamönnum, það nám sem er í boði í íslenskum framhaldsskólum. Meðginefni hans er lýsing á námsleiðum á framhaldsskólastigi og námsframboði framhaldsskóla.

Í fyrstu er fjallað almennt um nám í framhaldsskóla. Greint er frá hvernig innritun í skólanna fer fram, sagt er frá aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrám. Því næst eru skilyrði sem nemendur á framhaldsskólastigi þurfa að uppfylla til að eiga rétt á námsstyrkjum til jöfnunar á námskostnaði kynnt en þau byggja á reglugerð sem birt er í viðauka bæklingsins (sjá einnig upplýsingar sem birtar eru á baksíðu bæklingsins).

Í bæklingnum er sagt frá helstu flokkum námsbrauta og inntökuskilyrðum á einstakar brautir. Námsbrautum framhaldsskóla er síðan lýst. Því næst má finna aðsent efni frá framhaldsskólunum. Þar er um að ræða upplýsingar um starfsemi og sérkenni hvers skóla. Vakin er athygli að á heimasíðum framhaldsskólanna má finna ítarlegri upplýsingar og eru nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra hvattir til að kynna sér efni þeirra.

Í bæklingnum er síðan að finna töflur sem sýna hvaða námsbrautir hver skóli býður fram. Þar er einnig skrá yfir skólana, símanúmer, netföng og vefköng.

Viðauki:

Reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 692/2003 um námsstyrki með áorðnum breytingum.

Skrá yfir löggjiltar iðngreinar sbr. reglugerð nr. 940/1999.

Síðasti dagur til að sækja um skólavist í framhaldsskóla árið 2007 er 11. júní.





Almennt um nám í framhaldsskóla

Nemendur sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað varðar undirbúning, þroska, áhugamál og námsgetu. Námsskipulag og nám á framhaldsskólastigi miðast m.a. við að koma til móts við þessar ólíku þarfir með því að bjóða fram fjölbreyttar námsleiðir og veita þannig tækifæri til að stunda nám eftir áhugasviði hvers og eins.

Miklu máli skiptir að nemendur kynni sér vel námsframboð framhaldsskóla, geri sér sem besta grein fyrir hvaða nám þeir vilja helst stunda og sækja um nám sem er í samræmi við undirbúning þeirra. Einnig er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn kynni sér vel námsframboð skóla og ræði almennt við börn sín um val á framhaldsnámi og möguleika í þeim efnum. Sjálfsagt er að leita til umsjónarkennara í grunnskóla og námsráðgjafa um aðstoð við val á námi í framhaldsskóla. Einnig geta nemendur grunnskóla leitað beint til framhaldsskóla um upplýsingar og ráðgjöf.

Nám í framhaldsskólum greinist á fjölmargar námsbrautir sem eru ólíkar að inntaki og lengd. Sumir framhaldsskólar bjóða aðeins nám á bóknámsbrautum en aðrir eru bæði með starfsnám og bóklegt nám. Þessir skólar eru ýmist nefndir fjölbrautaskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, menntaskólar eða verkmenntaskólar. Allir skólar starfa þó samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Námið er skipulagt á námsbrautir og í brautarlýsingu er kveðið á um markmið og inntak þess.

Innritun í framhaldsskóla 2007

Innritun í framhaldsskóla er rafræn, þ.e. sótt er um skólavist á netinu. Nemendur í 10. bekk fá lykilorð sem opnar þeim persónulegan aðgang að innrituninni. Lykilorðin verða send nemendum um það bil sem samræmdum prófum í 10. bekk lýkur. Foreldrar/forráðamenn fá einnig bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem gerð er grein fyrir fyrirkomulagi innritunarinnar.

Hvenær hefst innritunin?

Opnað verður fyrir innritunina 14. maí. Frá þeim tíma geta umsækjendur fyllt út rafræna umsókn á netinu. Hægt er vinna umsóknina í áföngum og breytingar má gera þar til umsóknarfresti lýkur. Nemendur 10. bekkjar eru hvattir til að fylla út umsókn snemma því þannig komast óskir þeirra sem fyrst til skila. Umsóknum má samt sem áður breyta þar til umsóknarfrestur rennur út.

Hvað aðstöðu þarf?

Þar sem innritunin fer fram á netinu þurfa nemendur að komast í nettengda tölvu til að geta sótt um. Hægt er að komast í nettengdar tölvur bæði í grunnskólum og framhaldsskólum.

Þarf að senda eitthvað með umsóknunum?

Nemendur 10. bekkjar þurfa ekki að senda afrit af prófskírteinum úr 10. bekk með umsóknum. Einkunnirnar verða sendar rafrænt til þess skóla sem sótt er um. Vottorð eða sérstakar upplýsingar um nemendur, sem ekki er að finna á rafræna umsóknareyðublaðinu, verður hins vegar að senda í pósti til skólans.

Hvar má fá aðstoð og ráðgjöf?

Námsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum þekkja vel til náms á framhaldsskólastigi og eru umsækjendur hvattir til að leita upplýsinga og ráðgjafar hjá þeim.

Hvernig er sótt um?

Á www.menntagatt.is er að finna rafrænt umsóknareyðublað með leiðbeiningum. Þar eru einnig ýmsar upplýsingar um nám í framhaldsskólum.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 11. júní 2007.



Aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrár

Almennir framhaldsskólar starfa eftir aðalnámskrá framhaldsskóla. Í henni er að finna upplýsingar um markmið og skipulag námsbrauta og námsgreina. Þar eru einnig ýmsar reglur er varða réttindi og skyldur nemenda og skóla. Aðalnámskrá framhaldsskóla má finna í heild sinni á heimasíðu menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is. Allir framhaldsskólar gefa út sínar eigin skólanámskrár. Í þeim má finna nánari upplýsingar um starfssemi hvers skóla, námsframboð, skólareglur og þjónustu þá sem nemendum stendur til boða. Skólanámskrár má oftast finna á heimasíðum skólanna.

Ýmis ákvæði og undanþágur

Í aðalnámskrá framhaldsskóla – almennum hluta 2004 – er að finna reglur og ákvæði um réttindi og skyldur nemenda. Hér á eftir eru birt ýmis ákvæði og undanþágur sem er að finna í aðalnámskrá.

- Fatlaðir nemendur og nemendur með lesröskun (lestrar- og skrifarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að nemandinn geti ekki náð tókum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.
- Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tókum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir og þrátt fyrir sérstaka aðstoð frá viðkomandi skóla. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.
- Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, og íslenskir nemendur sem hafa dvalið lengi erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu, geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá sem ætluð er þessum nemendum. Sama gildir um heyrnarlausa nemendur.
- Hafi viðkomandi nemandi dvalið utan Norðurlanda þá getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.
- Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.
- Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

- Framhaldsskóli skal koma til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þess á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn nemandans.
- Nemandi, sem stundar umfangsmikla líkamspjálfun á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags, undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttfræðings eða kennara, samhlíða námi í framhaldsskóla, getur óskað eftir því að skólameistari veiti honum undanþágu frá vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum, líkams- og heilsurækt.

Námsstyrkir

Nemendur sem stunda reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi eiga rétt á námsstyrkjum til jöfnunar á námskostnaði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Almenn skilyrði fyrir styrk er búseta og/eða skólasókn fjarri lögheimili námsmanns og lögheimili nánustu fjölskyldu, þ.e. foreldra/forráðamanns og gildir þetta um alla nemendur hvar sem þeir eru búsettir.

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemenda. Auglýst er eftir umsóknum um námsstyrki og skulu umsóknir berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Námsstyrkjanefnd hefur vinnuáðstöðu í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Sjóðurinn annast alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina og veitir upplýsingar um styrkina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki og sér um úrvinnslu þeirra.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er til húsa í Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sími: 560 4000, netfang: lin@lin.is

Sjá nánar í reglugerð um námsstyrki í viðauka.



Námsbrautir og inntökuskilyrði

Hér fer á eftir stutt yfirlit og lýsing á námsbrautum á framhaldsskólastigi. Brautirnar eru flokkaðar eftir skyldleika náms og/eða starfsgreinum. Í lok kaflans eru birt inntökuskilyrði á brautirnar. Nánari upplýsingar er að finna á vef menntamálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is

Listi yfir námsbrautir í framhaldsskólum

Námsbrautum í framhaldsskóla er skipt í nokkra meginflokka. Brautirnar eru:

- Almenn námsbraut – opin öllum nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla og nemendum sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautum.
- Bóknámsbrautir og annað nám til stúdentsprófs. Bóknámsbrautirnar eru: Félagfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Einnig er mögulegt að ljúka stúdentsprófi með viðbótarnámi af öðrum brautum t.d. starfsnámsbrautum.
- Listnámsbraut. Námið tekur þrjú ár og undirbýr nemendur undir áframhaldandi nám og störf á sviði lista.
- Starfsbrautir – eru ætlaðar nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla og hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum.
- Starfsnámsbrautir. Þetta er lang stærsti flokkur námsbrauta í framhaldsskólum. Nám á starfsnámsbraut veitir undirbúning til tiltekinna starfa eða áframhaldandi náms. Margar starfsnámsbrautir leiða til ákveðinna starfsréttinda.

Lýsing á námsbrautum framhaldsskóla

Hér á eftir verður námi í framhaldsskóla lýst nánar. Fjallað er um brautirnar í þeirri röð sem þær voru kynntar í yfirlitinu hér á undan.

Almenn námsbraut

Almenn námsbraut er opin öllum nemendum sem hafa lokið grunnskóla. Nám á brautinni er breytilegt eftir skólum en hver framhaldsskóli skipuleggur námsframboðið og birtir í skólanámskrá. Námsbrautin hentar nemendum sem eru óráðnir og hafa ekki gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám, nemendum sem ekki hafa tekið samræmd próf í grunnskóla og þeim sem vilja undirbúa sérstakt nám eða afla sér þekkingar á afmörkuðu sviði. Nemendur geta innritast á almenna námsbraut með mismunandi þarfir í huga. Suma vantar ef til vill aðeins herslumun í kjarnagreinum til þess að geta haldið áfram námi á öðrum brautum innan skólans en aðrir þurfa að bæta verulega við sig eftir nám í grunnskóla til þess að geta haldið áfram námi. Námið getur tekið eitt til tvö ár og miðast við þarfir einstakra nemenda og möguleika viðkomandi skóla til að koma á móts við þær. Hver skóli skipuleggur nám á almennri námsbraut og skilgreinir í skólanámskrá.

Bóknámsbrautir

Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem undirbúningur að námi á háskólastigi. Stúdentsprófið eitt og sér tryggir þó ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi, hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Nauðsynlegt er fyrir nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi að afla sér áreiðanlegra upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Nám á bóknámsbrautum tekur að jafnaði fjögur ár og er fjöldi eininga 140 sem greinast sem hér segir:

Kjarni (98 einingar)	Kjörsvið (30 einingar)	Frjálst val (12 einingar)
Í kjarna eru námsgreinar sem öllum nemendum á viðkomandi braut er skylt að taka. Kjarninn er mismunandi eftir brautum.	Nemandi velur sér tiltekna greinar sem mynda kjörsvið hans. Um er að ræða námsgreinar á sviði félagsfræða, náttúrufræða og tungumála. Einnig getur nemandi valið greinar af öðrum kjörsviðum sem nemur allt að 12 einingum.	Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla eða fær nám við aðra skóla metið.

Félagsfræðabraut er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði félagsvísinda.

Málabraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál, s.s. ensku, dönsku og a.m.k. tvö önnur tungumál. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu.

Náttúrufræðibraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda. Brautin býr nemendur undir nám í háskóla í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggja á góðri undirstöðu í náttúruvísindum.

Viðskipta- og hagfræðibraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á sérsvið viðskipta- og hagfræðigreina. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum.



Annað nám sem lýkur með stúdentsprófi

Upplýsinga- og tæknibraut er í boði sem tilraunaverkefni og hún er aðeins starfrækt í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Brautinni er ætlað að veita nemendum fræðilega og verklega innsýn í tæknifræði-, verkfræði- og tölvunarfræðigreinar. Brautinni er þannig ætlað að mæta námsþörfum nemenda sem hafa sérstakan áhuga á tækni og verkfræðilegum úrlausnum verkefna. Brautinni er einnig ætlað að vera heppilegur undirbúningur að námi á háskólastigi í tæknigreinum, verkfræði eða tölvunarfræðigreinum. Einingafjöldi er 140. Námið greinist í kjarna 95 ein., kjörsvið 33 ein. og frjálst val 12 ein. Kjörsvið brautarinnar felur í sér sérhæfingu á tæknisviði. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

Viðbótarnám af starfsnámsbrautum

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi geta lokið stúdentsprófi með því að bæta við sig almennum bóklegum greinum.

Listnámsbraut

Námið tekur þrjú ár og hægt er að velja um fjórar listgreinar: Dans, hönnun, myndlist og tónlist. Markmið námsins er að búa nemendur undir áframhaldandi nám og störf á sviði lista. Nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut geta útskrifast með stúdentspróf eftir að hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum.

Starfsbrautir

Starfsbrautir framhaldsskóla (áður nefndar sérdeildir) eru ætlaðar fötluðum nemendum sem hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum framhaldsskólanna. Kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá og leitast er við að efla tengsl við aðrar brautir skólans og veita nemendum tækifæri til að verða hluti af samfélagi skólans. Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvernig skólinn skipuleggur nám á starfsbraut.

Starfsnámsbrautir

Starfsnám er mjög fjölbreytt og breytilegt að því er varðar skipulag, umfang og inntak. Námið er oftast verklegt og bóklegt og fer fram í skóla og á vinnustað. Námsstími er mislangur, allt frá einni önn upp í fjögur ár. Námið getur leitt til tekinna starfsréttinda sem eru lögvernduð, eða veitt undirbúning og þjálfun fyrir tiltekin störf án þess að um lögvernduð starfsréttindi að ræða. Hér á eftir má lesa lýsingar á starfsnámi, markmiðum þess og lengd námsins. Gagnlegar upplýsingar má finna á www.idan.is



Bygginga- og mannvirkjagreinar

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Grunnnámið veitir almenna og faglega undirstöðumenntun og er forsenda þess að hefja sérnám í bygginga- og mannvirkjagreinum, þ.e. húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múraraíðn, pípulögnum og veggfóðrun/dúkalögn. Meðalnámstími er ein önn í skóla.

Húsasmíði

Markmið námsins er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjagerð hvort sem er verkstæðis- innréttingavinna, úti- eða innivinna á byggingastað eða viðgerða- og breytingavinna. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, er fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Húsgagnasmíði

Markmið námsins er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við viðfangsefni iðngreinarinnar, þ.e. að smíða, endurnýja og gera við húsgögn, innréttingar, hurðir, glugga, tréstiga og sinna fjölbreyttri sérsmiði úr gegnheilu tré og plötuefni. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, er fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Múraraíðn

Markmið námsins er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við þau viðfangsefni sem tilheyra greininni, m.a. grunngröft og sprengingar, hvers konar steypuvinnu, hleðslu bygginga- og mannvirkja, múrhúðun, lagnir í gólf og gólfaslípun, lagnir og festingar flísa og náttúrusteins, járnalagnir, einangrun múrinnu o.fl. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bygginga- mannvirkjagreina, er fimm annir og 72 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Málaraiðn

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni til að takast á við alla algenga verkþætti iðngreinarinnar, allt frá mati á ástandi flatar og þar til æskilegri lokaáferð er náð. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, er fjórar annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Pípulagnir

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni til starfa til að leggja hita-, neysluvatns- og frárennsliskerfi, ýmis sérhæfð kerfi í byggingar og mannvirki o.fl. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi í bygginga- og mannvirkjagreina, er fjórar annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Veggfóðrun og dúklagnir

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni til að undirbúa gólf, vegg, loft, töflur, hurðir, borð og aðra fleti inni og úti fyrir lagningu dúka, platna,



teppa, striga o.fl. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, er þrjár annir í skóla og 120 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Húsgagnabólstrun

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni til að takast á við viðfangsefni iðngreinarinnar sem eru einkum fólgin í að bólstra og klæða ný og notuð húsgögn, lausa veggj, skilrún og klæða innréttingar í bifreiðum. Meðalnámstími er fjögur ár. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Farartækja- og flutningsgreinar

Grunnnám bíliðna

Grunnnám bíliðna veitir almenna menntun og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í bifreiðasmíði, bifvélavirkjun eða bílamálun. Meðalnámstími er ein önn í skóla, samtals 22 einingar.

Bifreiðasmíði

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til starfa sem bifreiðasmíði er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bíliðna, er fimm annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Bifvélavirkjun

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem bifvélavirkjun er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími að meðtöldu grunnnámi bíliðna, er fimm annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Bílamálun

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem bílmálurum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími, að meðtöldu grunnnámi bíliðna, er samtals fjórar annir í skóla og 32 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Flugþjónustunám

Flugþjónustubraut

Markmið náms á flugþjónustubraut er að mennta fólk til starfa á þremur sviðum flugþjónustu, þ.e. við innritun, fyrir hlaðmenn/hlaðfreyjur og fyrir störf í farþegarými flugvéla (flugfreyjur / flugþjónar).



Flugskólar

Einkaflugskólar eru starfandi víðs vegar um landið. Skirteinadeild loftferðaefirlits Flugmálastjórnar veitir upplýsingar um flugskirteini.

Flugvélavirkjun

Flug(véla)virkjun er löggilt iðngrein og námið tekur allt að fimm árum. Ekki er unnt að stunda bóklega þátt námsins hér á landi, en margir erlendir skólar bjóða upp á nám í flugvélavirkjun samkvæmt reglugerðum (JAR 147 og JAR 66) sem settar eru af Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) og Ísland er aðili að. Þeir sem lokið hafa námi frá JAR 147 viðurkenndum skóla, og jafnframt hafa lokið verklegu námi í iðninni, geta sótt um að gangast undir sveinspróf sem haldið er á vegum menntamálaráðuneytisins.

Flugmálastjórn hefur með höndum skirteinisútgáfu flugvéltækna samkvæmt JAR 66 en það veitir frekari heimildir og gildir auk þess víðast hvar í Evrópu og annarsstaðar í heiminum.

Fjármála- og verslunargreinar

Viðskiptabraut

Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi. Meðalnámstími er fjórar annir.

Heilbrigðis- og félagsgreinar

Félagsliðabraut

Markmið námsins er að búa nemendur undir stuðnings- og aðhlyningarstörf í forni aðstoðar og umönnunar einstaklinga á öllum aldri sem vegna félagslegra aðstæðna, líkamlegrar eða andlegrar hömlunar, eiga erfitt með að sjá um sig sjálfir. Meðalnámstími er tvö ár, þrjár annir í skóla og 16 vika starfsþjálfun á þjónustustofnun.

Hjúkrunar- og móttökuritarabraut

Nám á brautinni er ætlað starfsfólki í heilbrigðisþjónustu sem annast móttöku sjúklinga, ýmiss konar skráningu gagna og almenn skrifstofustörf. Meðalnámstími er tvö ár þar af þrjár annir í skóla og 24 vikna starfsþjálfun.

Lyfjatæknabraut

Markmið lyfjatæknánáms er að mennta fólk til starfa við sölu, dreifingu og afgangslu lyfja í apótekum, heilðsölum, sjúkrahúsum og opinberum stofnunum. Meðalnámstími er fjögur og hálf ár, þ.e. eins og hálf árs almennt nám og þriggja ára sérnám, þar af 14 vikna starfsþjálfun í lyfjaverslun eða á öðrum heppilegum námsstað. Starfsheiti lyfjatækna er lögverndað.

Læknaritarabraut

Markmið brautarinnar er að í lok námsins hafi nemendur öðlast þekkingu og verklega reynslu sem gerir þeim kleift að starfa sem læknaritarar. Til undirbúnings námi



á brautinni er nauðsynlegt að nemendur hafi haldgóða, almenna menntun, t.d. stúdentspróf eða hliðstætt nám. Meðalnámstími lækningarara er fjórar annir, þar af þrjár annir í skóla og 24 vikna starfsþjálfun. Starfsheiti lækningarara er lögverndað.

Námsbraut fyrir nuddara

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun sem gerir þeim kleift að starfa sjálfstætt sem nuddarar. Meðalnámstími er þrjú til fjögur ár þar af sex annir í skóla og 25 vikna (1000 klst.) starfsþjálfun undir leiðsögn fagmanns.

Sjúkraliðabraut

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun til þess að starfa á sjúkrahöfnunum sem löggiltir sjúkraliðar. Meðalnámstími er sex annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun á sjúkrahöfnun undir leiðsögn. Starfsheiti sjúkraliða er lögverndað.

Tannsmíði

Tannsmíði er löggilt iðngrein og samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið annast tannlæknadeild Háskóla Íslands menntun tannsmíða. Markmið náms í tannsmíði er að nemendur öðlist þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að geta innt almenna tannsmíðavinnu að hendi. Rétt til inngöngu eiga þeir sem lokið hafa jafngildi stúdentsprófs í ensku og einu Norðurlandamáli. Auk þess er gerð krafa um að nemendur hafi undirstöðuþekkingu í efnafræði. Meðalnámstími er fjögur ár og náminu lýkur með sveinsprófi.

Tanntæknabraut

Markmið náms á brautinni er að búa nemendur undir að vinna ýmis aðstoðarstörf í tannlæknaþjónustu, s.s. aðstoð við tannlæknastól, bókanir, sóttthreinsun og önnur störf á tannlæknastofum. Meðalnámstími er tvö og hálf ár, þar af þrjár annir í framhaldsskóla og tveggja anna starfsnám við Tannlæknadeild Háskóla Íslands. Starfsheiti aðstoðarmanna tannlækna er lögverndað.

Hönnunar- og handverksgreinar

Gull- og silfursmíði

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs í greininni. Meðalnámstími er fjögur ár, þar af fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Handiðabraut

Markmið námsins er að veita nemendum almenna menntun ásamt þekkingu og færni í helstu grunnþáttum fatagerðar. Námið á að nýtast nemendum við fatagerð og umhirðu fatnaðar og sem undirstaða undir frekara nám og störf á þessu sviði. Meðalnámstími er tvær annir í skóla.



Klæðskurður og kjólasaumur

Meðalnámstími er fjögur ár, samtals sjö annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun. Fyrstu sex annirnar eru sameiginlegar en á þeirri sjöundu sérhæfa nemendur sig annaðhvort í klæðskurði eða kjólasaumi. Námið veitir góðan undirbúning undir framhaldsnám í fatahönnun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Tækniteiknun

Markmið námsins er að mennta tækniteiknara til starfa á teiknistofum verkfræðinga, arkitekta, fyrirtækja og stofnana. Meðalnámstími er fimm annir í skóla.

Útstillingabraut

Nám á útstillingabraut miðar að því að gera nemendur hæfa til þess að þróa og útfæra hugmyndir og leiðir til þess að koma vörum á framfæri á markaði í samvinnu við verslun og viðskiptalíf. Meðalnámstími er fjórar annir í skóla.

Skósmiði

Markmið námsins er að nemendur öðlist nægilega þekkingu og færni til að annast viðgerðir á hvers kyns skófatnaði og sinna viðfangsefnum sem tilheyra iðngreininni. Meðalnámstími er þrjú ár, þar af tvær annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Söðlasmiði

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem söðlasmiðum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími er þrjú ár, þ.e. tvær annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Feldskurður telst til þessa greinaflokks.

Listnám

Listnámsbraut

Markmið náms á listnámsbraut er að leggja grunn að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Námið greinist í kjarna, kjörsvið og frjálst val nemanda. Nám í kjarna er sameiginlegt öllum nemendum brautarinnar. Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í listgreinum og geta nemendur valið á milli danslistar, hönnunar, myndlistar og tónlistar. Námið fer annaðhvort fram í viðkomandi framhaldsskóla eða viðurkenndum listaskóla. Listnámsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut. Nemendur sem óska að ljúka stúdentsprófi geta bætt við sig námi í völdum bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi.

Margir skólar veita kennslu og þjálfun í listgreinum. Yfirleitt er kennt síðdegis og að kvöldi og fáar kennslustundir í viku hverri. Skólarnir greinast í myndlistar-, tónlistar-, leiklistar- og listdansskóla.



Myndlistaskólinn á Akureyri

Nám í skólanum greinist í forskóla og listmálunardeild. Í boði er nám á myndlistarkjörsviði listnámsbrautar framhaldsskóla og nám til undirbúnings námi við Listaháskóla Íslands.

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Skólinn starfrækir myndlistarkjörsvið listnámsbrautar framhaldsskóla og nám til undirbúnings námi við Listaháskóla Íslands.

Matvæla- og veitingagreinar

Grunnnám matvælagreina

Markmið námsins er að veita almenna menntun og innsýn í störf á sviði matvæla- og veitingagreina ásamt grunnþjálfun í helstu undirstöðupáttum greinanna, einkum til að auðvelda nemendum að gera upp hug sinn með tilliti til starfsnáms á þessu sviði. Meðalnámstími er ein önn í skóla.

Bakaraiðn

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem bökurum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími er fjögur ár, þar af þrjár annir í skóla og 126 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Framreiðsla

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem framreiðslumönnum er nauðsynleg í störfum sínum við alhliða veitingaþjónustu á veitingahúsum, kaffihúsum, hótelum, í flugvélum og á farþegaskipum eða annars staðar þar sem veitingasala fer fram. Meðalnámstími er þrjú ár, þar af þrjár annir í skóla og 80 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Hússtjórnarnám

Hússtjórnarnám veitir nemendum almenna menntun og undirbúning fyrir heimilis-hald. Tveir hússtjórnarskólar eru starfræktir í landinu, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað. Þeir veita verklega og bóklega menntun á sviði matvæla-, handíða- og hússtjórnargreina.

Kjötiðn

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem kjötiðnaðarmönnum er nauðsynleg í störfum sínum við hvers kyns kjötvinnslu, allt frá móttöku sláturafurða til fullunninnar vöru. Meðalnámstími er fjögur ár, samtals þrjár annir í skóla og 126 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Kjötskurður

Markmið náms í kjötskurði er að nemendur öðlist þekkingu og færni til að annast alla meginþætti í störfum kjötskurðarmanna í kjötvinnslu, sláturhúsum og kjötsölu-deildum verslana. Meðalnámstími er tvö og hálf ár, þar af tvær annir í skóla og



80 vikna starfsþjálfun. Að námi loknu gefst nemendum kostur á að halda áfram sérnámi til sveinsprófs í kjötið.

Matartækni

Matartæknaþraut er ætlað að útskrifa matartækna sem að námi loknu geta annast almenna matreiðslu og matreiðslu sérfæðis í mötuneytum. Meðalnámstími er þrjú ár, samtals þrjár annir í skóla og 80 vikna starfsþjálfun. Skóli brautskráir nemendur en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti veitir starfsréttindi samkvæmt reglugerð þar að lútandi.

Matreiðsla

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem matreiðslumönnum er nauðsynleg í störfum sínum á hótelum, farþegaskipum, veitingahúsum, kaffihúsum, í mötuneytum eða annars staðar þar sem veitinga- eða veisluþjónusta er í boði. Meðalnámstími er fjögur ár, samtals þrjár annir í skóla og 126 vikna starfsþjálfun.

Matsveinanám

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast leikni og faglega þekkingu sem er nauðsynleg fyrir störf matsveina á minni fiski- og flutningaskipum og litlum mötuneytum. Meðalnámstími er eitt ár, þar af ein önn í skóla og 24 vikna starfsþjálfun.

Mjólkuriðn

Markmið námsins er að nemendur öðlist þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til alhliða starfa í mjólkurbúum þar sem helstu verkþættir eru: ostaframleiðsla, smjörframleiðsla, móttaka mjólkur og vélasalur og sýrðar vörur. Meðalnámstími er fjögur ár. Nemendur hefja námið með gerð námssamnings við mjólkurbú á Íslandi og starfa þar í um tvö ár. Þá tekur við 20 mánaða dvöl í Danmörku, þar sem nemendur starfa á mjólkurbúum í fjóra mánuði, en síðan tekur við bóklegt nám á Dalum Tekniske Skole í 16 mánuði. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Nám fyrir aðstoðarkokka

Markmið námsins er að nemendur öðlist nauðsynlega undirstöðuþekkingu og færni til að annast almenna matseld á skyndibitastöðum og minni mötuneytum og gegna aðstoðarstörfum við matargerð í kaffihúsum, veitingahúsum, á hótelum og í stærri mötuneytum. Meðalnámstími er um tvö ár, þar af tvær annir í skóla og 52 vikna starfsþjálfun.

Nám fyrir aðstoðarþjóna

Markmið námsins er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu og færni til að sinna öllum algengum störfum í veitingasal og vinstúku á veitingahúsum, kaffihúsum og hótelum eða annars staðar þar sem veitingasala fer fram. Meðalnámstími er rúmlega ár, þ.e. tvær annir í skóla og 12 vikna starfsþjálfun.



Slátrun

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni sem slátrurum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími er eitt ár, þ.e. ein önn í skóla og 24 vikna starfsþjálfun.

Smurbrauðsnám

Markmið námsins er að veita nemendum nauðsynlega þekkingu og færni til að mæta kröfum neytenda um holla, gómsæta og girnilega framsetta brauð- og smárétti á hótelum, gistiheimilum, veitingastöðum, kaffihúsum, krám og mótuneytum eða annars staðar þar sem veitinga- og veislupjónusta er í boði. Meðalnámstími er þrjú ár, þar af þrjár annir í skóla og 80 vikna starfsþjálfun.

Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar

Málmsuða

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem málm-suðumenn annast, þ.e. undirbúa og sjóða vinnslustykki s.s. plötur í skip, stálbita og stálgrindarhús eða íhluti í vélbúnaði. Nemendur í málmsuðu stunda ekki nám í almennum greinum né heldur er gerð krafa um vinnustaðanám. Málm-suðumenn eiga þess ekki kost að stunda nám í meistarakóla nema þeir ljúki einnig stálsmiði. Meðalnámstími er tvö ár.

Grunnnám málmíðngreina

Nám í málmíðngreinum er skipulagt með þeim hætti að nemendur innritast í sameiginlegt fjögurra anna (tvö ár) grunnnám málmíðngreina. Markmið grunnnámsins er að nemendur hljóti almenna og faglega undirstöðumenntun til þess að takast á við sérnám til starfsréttinda í blikksmiði, rennismiði, stálsmiði eða vélvirkjun.

Blikksmiði


Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem blikksmiðir inna af hendi, þ.e. nýsmiði og viðhald úr þunnmálmi, smíði loft-ræstikerfa, þéttingu húsa og mismunandi klæðningu á þökum og húsum. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi, samtals sex annir í skóla og 60 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Rennismiði

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem rennismiðir fást við, þ.e. hönnun, nýsmiði íhluta til notkunar í tækjum og vélum. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi, samtals sex annir í skóla og 60 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Stálsmiði

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem stálsmiðir fást við, þ.e. nýsmiði og viðhald málm- og stálmannvirkja úr mismunandi gerðum málmplatna, stangarefnis og rörum. Meðalnámstími er fjögur ár



að meðtöldu grunnnámi, samtals sex annir í skóla og 60 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Vélvirkjun

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem vélvirkjar fást við, þ.e. uppbyggingu og viðhald véla, kælikerfa og loftstýringa, bilanaleit og stýringar. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi, samtals sex annir í skóla og 60 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Netagerð

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem netagerðarmenn fást við þ.e. að sjá um hönnun, framleiðslu, viðhald og viðgerðir á veiðarferum. Meðalnámstími er þrjú ár, samtals þrjár annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Náttúrunýting

Starfsnám í ferðamálafræðum

Markmið brautarinnar er að bjóða nemendum upp á hagnýtt nám í ferðafræðum. Hagnýting námsins felst í því að nemendur kynnast vinnuferlum ferðaþjónustufyrirtækja, fara í starfsþjálfun og geta að því búnu ráðið sig til starfa hjá hinum ýmsu fyrirtækjum í atvinnugreininni. Meðalnámstími er eitt ár, tvær annir í skóla og þriggja mánaða starfsþjálfun.

Leiðsögunám

Leiðsögumannanám er sérnám sem felst í sérhæfðri fræðslu og starfsþjálfun þeirra sem vilja búa sig undir störf sem leiðsögumenn ferðafólks. Starf leiðsögumanna er einkum fólgið í því að fara með erlenda ferðamenn um Ísland. Meðalnámstími er eitt ár.

Rafiðngreinar

Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafiðna. Nám til sveinsprófs í rafiðngreinum tekur að jafnaði fjögur ár og skiptist í nám í skóla og starfsþjálfun á vinnustað. Um er að ræða tvenns konar skipulag :

- Verknámsleið þar sem meðalnámstími í skóla er sjö annir að meðtöldu grunnnámi auk 24 vikna starfsþjálfunar.
- Samningsbundið iðnnám þar sem meðalnámstími í skóla er sex annir að meðtöldu grunnnámi auk 48 vikna starfsþjálfunar.

Í rafvirkjun og rafvélavirkjun er hægt að velja á milli námsleiða. Í rafveituvirkjun er aðeins um að ræða samningsbundið iðnnám og í rafeindavirkjun er námið eingöngu samkvæmt verknámsleið.

Mikil skörun er milli starfa í rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun og námið því að stórum hluta sameiginlegt. Sérhæfing hverrar greinar á sér aðeins stað á



lokaönn námsins sem og í starfsþjálfun á vinnustað. Þetta leiðir til þess að það er auðveldara fyrir svein í einni grein að afla sér starfsréttinda í annarri grein sterksstraums en áður hefur verið.

Grunnnám rafiðna

Grunnnám rafiðna er 80 einingar og tekur að jafnaði fjórar annir í skóla. Markmið námsins er að veita almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í rafiðngreinum, þ.e. rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun, rafvirkjun og símsmíði, og er jafnframt forsenda fyrir innritun í sérnám þessara greina.

Kvikmyndasýningarstjórn

Nám í kvikmyndasýningarstjórn tekur um tvö og hálf ár að meðtöldu grunnnámi rafiðna. Að loknu grunnnámi tekur við starfsnám á vinnustað að ígildi tólf eininga. Það felur í sér að lágmarki 300 sýningartíma sem dreifist á sex mánuði.

Rafeindavirkjun

Markmið náms í rafeindavirkjun er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að takast á við störf rafeindavirkja einkum við uppsetningu, viðhald og viðgerðir boðskiptakerfa og rafeindatækja, notenda- og tölvubúnaðar heimila, fyrirtækja og stofnana sem og rafeindabúnaðar farartækja í lofti, láði og legi.

Rafveituvirkjun

Markmið náms í rafveituvirkjun er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að takast á við störf rafveituvirkja einkum við uppsetningu, mælingar, viðhald og viðgerðir lagna og búnaðar til flutnings- og dreifingar raforku frá framleiðslu til notkunar.

Rafvirkjun

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem krafist er til að starfa í greininni. Meðalnámstími er fögur ár að meðtöldu grunnnámi rafiðna, samtals sjö annir í skóla og 24 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Rafvélavirkjun

Markmið náms í rafvélavirkjun er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að takast á við störf rafvélavirkja einkum við uppsetningu og tengingu, eftirlit og viðgerðir hvers konar rafvéla og búnaðar á heimilum og í fyrirtækjum og stofnunum.

Símsmíði

Markmið náms í símsmíði er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem krafist er til starfa í greininni. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi rafiðna, samtals fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Sjávarútvegs- og siglingagreinar

Skipstjórnarbraut, 30 rúmlesta réttindi

Námið veitir réttindi til skipstjórnar á bátum allt að 30 rúmlestum. Meðalnámstími er 168 kennslustundir.

Skipstjórnarbraut, 1. stig

Námið veitir full réttindi að loknu siglinganámi til skipstjórnar á fiskiskipum allt að 200 rúmlestum. Meðalnámstími er tvö ár, þ.e. fjórar annir í skóla.

Skipstjórnarbraut, 2. stig

Námið veitir að loknu siglingatíma ótakmörkuð atvinnuréttindi á fiskiskip. Meðalnámstími er fjögur ár, þ.e. átta annir í skóla.

Skipstjórnarbraut, 3. stig

Námið veitir réttindi á grundvelli laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984 með síðari breytingum til skipstjórnar á kaupskipum af ótakmarkaðri stærð farsviði eða sem yfirstýrimaður á varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði. Meðalnámstími er ein önn.

Vélstjórnarbraut 1. stig

Námið veitir að loknum sex mánaða siglingatíma atvinnuréttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með aðalvél allt að 375 kW og undirvélstjóri eða dagmaður á stærri skipum. Meðalnámstími er ein önn.

Vélstjórnarbraut 2. stig

Námið veitir að loknu níu mánaða siglingatíma atvinnuréttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með aðalvél að 750kW. Meðalnámstími er tvö ár, þ.e. fjórar annir í skóla.

Vélstjórnarbraut 3. stig

Námið veitir að loknum 18 mánaða siglingatíma atvinnuréttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með aðalvél allt að 1500kW og annar vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð. Meðalnámstími er þrjú og hálf ár, þ.e. sjö annir í skóla.

Vélstjórnarbraut 4. stig

Námið veitir að loknum tilteknum siglingatíma atvinnuréttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipum með ótakmarkaða vélarstærð. Meðalnámstími er fimm ár, þ.e. tíu annir í skóla.



Snyrtigreinar

Hársnyrtiið

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem krafist er til starfa í greininni. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Snyrtifræði

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem krafist er til starfa í greininni. Meðalnámstími er fjögur ár, samtals sex annir í skóla og 40 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Upplýsinga- og fjölmiðlanám, tölvunám

Tölvubraut

Markmið brautarinnar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á flestum sviðum tölvutækninnar sem nýtist þeim í tölvutengdum störfum. Í þessu felst að nemendur geti starfað sjálfstætt við tölvur, geti þjónustað tölvur og notendur þeirra, hafi góða þekkingu á tölvusamskiptum, geti starfað við forritun, þekki uppbyggingu og virkni tölvunnar, geti nýtt sér tölvutæknina við úrvinnslu og framsetningu upplýsinga og hafi sérþekkingu á tilteknum sviðum tölvutækninnar. Meðalnámstími er sex annir.

Uppeldis- og tómstundagreinar

Félagsmála- og tómstundabraut

Markmið námsins er að mennta fólk til starfa á vettvangi félags-, tómstunda- og æskulýðsmála, í félagsmiðstöðvum og skólum, hjá íþrótt- og félagasamtökum. Störfín eru fólgin í undirbúningi, skipulagningu og áætlanagerð er tengist tómstundastarfi fólks á öllum aldri. Meðalnámstími er tvö ár, þ.e. fjórar annir í skóla og sjö vikna starfsþjálfun.

Skólaliðabraut

Brautin er ætluð starfsfólki í grunnskóla eða leikskóla sem annast gangagæslu, þrif og almenn eftirlitsstörf. Náminu er ennfremur ætlað að búa nemendur undir frekara nám á brautum fyrir leiðbeinendur í leikskólum eða stuðningsfulltrúa í grunnskólum. Meðalnámstími er tvær annir í skóla og þriggja vikna starfsþjálfun í leik- eða grunnskóla.

Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum

Brautin er fyrir leiðbeinendur í leikskólum. Markmið námsins er að búa nemendur undir störf á leikskólum þar sem þeir starfa við hlið annars faglærðs starfsfólks að umönnun, uppeldi og menntun barna á aldrinum eins til sex ára. Meðalnámstími er fjórar annir í skóla að meðtöldu námi á skólaliðabraut og níu vikna starfsþjálfun á leikskóla.



Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum

Brautin er fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum. Markmið námsins er að búa nemendum undir störf í grunnskólum þar sem þeir starfa við hlið annars faglærðs starfsfólks að umönnun, uppeldi og menntun barna á aldrinum sex til sextán ára. Meðalnámsstími er fjórar annir í skóla að meðtöldu námi á skólaliðabraut og níu vikna starfsþjálfun í grunnskóla.

Íþróttabraut

Markmið íþróttanáms er að veita nemendum fræðilega og verklega undirstöðuþjálfun í kennslu og þjálfun íþróttar og hreyfináms fyrir börn og unglinga. Starfsþjálfun er skipulögð af skóla í samráði við íþróttafélög og felst í að nemendur hafa umsjón með þjálfun hóps barna og/eða unglinga yfir tiltekið tímabil. Meðalnámsstími er fjórar annir.

Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina

Grunnnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum veitir almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í starfsgreinum á upplýsinga- og fjölmiðlasviði, m.a. bókasafnstækni, bókbandi, fjölmiðlatækni, prentsmíði (grafísk miðlun), ljósmyndun, nettækni, prentun og veftækni. Meðalnámsstími er þrjár annir.

Bókasafnstækni

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast nægilega þekkingu og færni til að starfa við hlið sérfræðinga á bókasöfnum, skjalasöfnum og öðrum upplýsingamiðstöðvum m.a. við upplýsingaöflun, upplýsingamiðlun, skráningu gagna og þjónustu við ólíka notendahópa. Meðalnámsstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun.

Bókband

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni til sem bókbundurum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámsstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Undir vissum kringumstæðum getur allt sérnám í greininni farið fram í fyrirtæki og tekur þá 72 vikna starfsþjálfun við að loknu grunnnámi. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Fjölmiðlatækni

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni til að gegna margbreytilegum störfum við framleiðslu, birtingu, útsendingu fjölmiðlaefnis í samstarfi við sérfræðinga s.s. blaðamenn, fréttamenn, dagskrárgerðarfolk, dagskrárframleiðendur, tókumenn, tæknistjóra, klippara, auglýsingateiknara o.fl. Meðalnámsstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun.



Ljósmyndun

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem ljósmyndurum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi í upplýsinga- og fjölmiðlagreina, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Nettækni

Markmið námsins er gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að vinna við umsýslu tölvubúnaðar og daglega starfrækslu lítilla staðarneta og vinna sérhæfð störf við stærri net undir stjórn kerfisstjóra. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi í upplýsinga- og fjölmiðlagreina, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun.

Prentsmið

Markmið námsins er gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni sem prentsmiðum er nauðsynleg í störfum sínum, m.a. við móttöku á fjölmiðlaefni, texta og myndefni og frágangi á því til prentunar eða birtingar. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Prentun

Markmið námsins er gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni sem prenturum er nauðsynleg í störfum sínum. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Veftækni

Markmið námsins er gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að sinna störfum við hönnun, gerð og viðhald stærri og minni vefja hjá fyrirtækjum og stofnunum sem þurfa að kynna sig og starfsemi sína á vettvangi upplýsinga-samfélagsins. Meðalnámstími er þrjú ár að meðtöldu grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina, þ.e. fjórar annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun.



Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla

Þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla. Nemendur sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla og einnig samræmdum lokaprófum, a.m.k. í íslensku og stærðfræði, geta innritast á brautir framhaldsskóla. Nánar tiltekið eru inntökuskilyrði á einstakar brautir sem hér greinir:

Almenn námsbraut

Almenn námsbraut er opin öllum nemendum. Þeir sem ekki uppfylla neðangreind skilyrði til inntöku á einstakar námsbrautir eiga kost á að hefja nám á almennri námsbraut eða í sérdeildum.

Málabraut

Nemandi sem innritast á málabraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í íslensku, dönsku og ensku skal vera að lágmarki 6,0 í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í stærðfræði skal ekki vera lægri en 4,5.

Félagsfræðibraut

Nemandi sem innritast á félagsfræðibraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, ensku, samfélagsgreinum og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í íslensku, ensku og samfélagsgreinum skal vera að lágmarki 6,0 í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í stærðfræði skal ekki vera lægri en 4,5.

Náttúrufræðibraut

Nemandi sem innritast á náttúrufræðibraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, ensku, stærðfræði og náttúrufræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði skal vera að lágmarki 6,0 í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í ensku skal ekki vera lægri en 4,5.

Viðskipta- og hagfræðibraut

Nemandi sem innritast á viðskipta- og hagfræðibraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku, ensku, stærðfræði og einni grein að auki. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í íslensku, ensku og stærðfræði skal vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Einkunn á samræmdu prófi í fjórðu greininni skal ekki vera lægri en 4,5.



Listnámsbraut

Nemandi sem innritast listnámsbraut skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í áður nefndum greinum skal vera að lágmarki 5,0. Auk þess má einkunn á samræmdu prófi ekki vera lægri en 4,5 í hvorri þessara námsgreina. Nemandi þarf að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.

Starfsbraut

Er einkum ætluð:

- fötluðum nemendum sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra sem hafa verið í sérdeildum eða sérskólum og/eða fengið námsmat skv. 48. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum framhaldsskólans.
- þroskaheftum og fjölfötluðum nemendum sem hafa fengið námsmat samkvæmt 48 gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

Starfsnámsbrautir

Nemandi sem innritast á starfsnámsbrautir skal hafa tekið samræmd lokapróf í íslensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar í áður nefndum greinum skal vera að lágmarki 5,0. Auk þess má einkunn á samræmdu prófi ekki vera lægri en 4,5 í hvorri þessara námsgreina. Skólameistara er heimilt að setja viðbótarskilyrði til inngöngu á starfsnámsbrautir sem skulu miðast við frammistöðu nemenda í verk- og listgreinum í grunnskóla.

Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla framangreind inntöuskilyrði brautar að fullu, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur.

Skólameistara er heimilt að veita nemendum, sem hafa náð 18 ára aldri, inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.





Lýsingar á framhaldsskólum

Þessi kafli byggir á aðsendu efni frá skólum en í honum er að finna upplýsingar um starfsemi og sérkenni eftirtaldra framhaldsskóla.

Skóli	Blaðsíðutal
Borgarholtsskóli	34
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sauðárkróki	36
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	38
Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi	40
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	42
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	44
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	46
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	48
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	50
Fjöltækniskóli Íslands	52
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	54
Framhaldsskólinn á Húsavík	56
Framhaldsskólinn á Laugum	58
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	60
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	62
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	64
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	66
Iðnskólinn í Hafnarfirði	68
Iðnskólinn í Reykjavík	70
Kvennaskólinn í Reykjavík	72
Landbúnaðarháskóli Íslands, nám á framhaldsskólastigi	74
Menntaskólinn á Akureyri	76
Menntaskólinn á Egilsstöðum	78
Menntaskólinn á Ísafirði	80
Menntaskóli Borgarfjarðar	82
Menntaskólinn á Laugarvatni	84
Menntaskólinn Hraðbraut	86
Menntaskólinn í Kópavogi	88
Menntaskólinn í Reykjavík	90
Menntaskólinn við Hamrahlíð	92
Menntaskólinn við Sund	94
Verkmenntaskóli Austurlands, Neskaupstað	96
Verkmenntaskólinn á Akureyri	98
Verzlunarskóli Íslands	100



v/Mosaveg
112 Reykjavík
Sími: 535 1700
Bréfasími: 535 1701
Netfang: bhs@bhs.is
Veffang: www.bhs.is
Skrifstofan er opin mán.-fim. 8-16 og föst.8-15.



Borgarholtsskóli er nýjasti framhaldsskólinn á Reykjavíkursvæðinu. Þar er boðið upp á bóknaðsbrautir til stúdentsprófs, listnám, iðnnám og styttra starfsnám, almenna námsbraut og nám fyrir fatlaða nemendur. Nemendur sem ljúka grunnskóla ættu því flestir að geta fundið nám við hæfi í skólanum. Um þúsund nemendur stunda nú nám í dagskóla og um tvö hundruð í kvöldskóla og síðdegisnámi og tæplega hundruð í dreifnámi.

Borgarholtsskóli er í nýju og rúmgóðu húsnæði við Spöngina í Grafarvogji. Fullkomlið mötuneyti er við skólann, vel búið bókasafn með góðri lesaðstöðu, þráðlaust net um allan skólann og góð tölvuaðstaða.

Tveir námsráðgjafa eru við skólann. Hlutverk þeirra er að aðstoða nemendur við val á námi, leita leiða vegna námserfiðleika, meðal annars vegna dyslexíu, og veita þeim stuðning. Þeir hafa einnig umsjón með aðstoð við fatlaða nemendur í almennu námi. Þá er öflugt stuðningsteymi við skólann undir stjórn námsráðgjafa og má þar nefna forvarnafulltrúa og hjúkrunarfræðing auk náns samstarfs við Grafarvogskirkju og Miðgarð.

Sérstaða. Borgarholtsskóli er áfangaskóli en reynir en nýta sér kosti bæði áfanga og bekkjarkerfis. Þannig eru nemendur á fyrstu árum bóknaðsbrauta til stúdentsprófs í sama hópi („bekk“) í kjarnagreinum. Einnig er almenna námsbrautin sett upp sem heilsársbraut og nemendur halda hópinn allan veturinn. Í bíliðnum er kennt samkvæmt lotukerfi en þá læra nemendur allt um afmarkað efni, bæði bóklegt og verklegt, í eina til tvær vikur og taka síðan próf. Þetta jafnar vinnuálag yfir veturinn og nemendur taka aðeins próf í kjarnagreinum í lok annar.

Skólinn er í forystu um þróun náms á almennri námsbraut og stuttum starfsnámsbrautum. Mikil áhersla er lögð á góð tengsl við atvinnulífið. Í boði eru fjölbreyttar valgreinar. Auk áfanga í grunndeildum bíl- og málmíðna er boðið upp á fatasaum, hönnun, myndlist, myndbandagerð, leiklist o.fl.

Félagslíf. Starfrækt er nemendafélag þeirra sem stunda nám í dagskóla Borgarholtsskóla. Markmið félagsins eru að gæta hagsmuna nemenda innan skólans, vera bakhjarl þeirra í ráðum og nefndum og halda uppi öflugu félagslífi innan skólans. Á vegum þess eru haldin skólaböll með reglulegu millibili, tónleikar og aðrar uppákomur og gefið út skólablað. Auk þess skipuleggur nemendafélagið m.a. undankeppni Söngvakeppni framhaldsskólanna og sér um undirbúning fyrir þátttöku í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Mikil gróska og vöxtur er í félagslífi skólans.



Kvöldskóli, síðdegisnám og dreifnám. Við skólann er starfandi kvöldskóli í málmíðnum og helstu kjarnagreinum og síðdegisnám á félagsliðabraut og námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum. Þá er í boði dreifnám (fjarnám með staðbundnum lotum) í margmiðlunarhönnun, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og á félagsliðabraut.

Annað. Leiðarljós Borgarholtsskóla er agi, virðing og væntingar. Framtíðarstefna hans er að þjóna samfélaginu og verða mikilvægur hluti þess. Því fylgir náíð samstarf við foreldra og fulltrúa atvinnulífsins og skilningur á nýjum kröfum til menntunar. Skólinn þjónar fjölbreyttum hópi nemenda og leggur áherslu á að þeir geti valið milli fjölda leiða, bæði í starfsnámi og bóknámi. Nám við skólann styrkir og þroskar nemendur og undirbýr þá fyrir þátttöku í atvinnulífinu.

Námsframboð

Almenn námsbraut 1 ár	Bíliðngreinar 3-3,5 ár	Bóknámsbrautir 4 ár
Almenn braut 1 Almenn braut 2	Grunndeild bíliðna Bifreiðasmíði Bifvélavirkjun Bílamálun	Félagsfræðibraut Málabraut Náttúrufræðibraut
Félagsliðabraut 2,5 ár	Listnámsbraut 3 ár	Málmíðngreinar 3 ár auk vinnustaðarnáms
	Margmiðlunarhönnun	Grunndeild málmíðnar Blikksmíði Málmsuða Pípulagnir Rennismíði Vélvirkjun
Námsbraut fyrir fatlaða 4 ár	Verslunarbraut 2 ár	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut 3 ár
		Fjölmiðlatækni



550 Sauðarkróki
Sími. 455 8000
Bréfasími: 455 8099
Netfang: fnv@fnv.is
Veffang: www.fnv.is



Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðarkróki (FNV) hefur starfað síðan haustið 1979. Nemendur hafa verið u.þ.b. 400 talsins síðustu ár þar af um 100 á heimavist skólans.

Námsleiðir. Nemendur geta valið um níu námsleiðir til stúdentsprófs af félagsfræða-, mála- og náttúrufræðibraut og nám í málmíðgreinum, rafvirkjun og tréiðngreinum. Meðal styttri námsbrauta eru starfsnámsbrautir í íþróttum og viðskiptagreinum. Þá er starfrækt við skólann starfsbraut fyrir nemendur sem ekki hafa gengist undir samræmd próf. Skólinn stendur einnig fyrir fjarnámi.

Íþróttir. Í Skagafirði er frábær íþróttaaðstaða. Þar er nýtt og gott skíðasvæði, sundlaugar, golfvöllur, glæsilegt íþróttahús í fullri stærð, reiðhöll og nýr frjálsíþróttavöllur, sem byggður var í tengslum við Landsmót UMFÍ 2004. Boðið er upp á útivist og fjallamennsku sem valgrein í íþróttum.

Félagslíf. Nemendafélagið státar af fjölbreyttu og öflugum félagslífi. Það stendur m.a. fyrir uppsetningu á söngleikjum, menningarkvöldum, alls konar íþróttamótum, söngkeppnum, menningarferðum, Opnum kvöldum og árshátíðum. Þá gefur félagið út skólablað, heldur úti heimasíðu og rekur útvarpsstöð. Skólinn hefur tekið þátt í samnorrænum verkefnum á undanförunum árum sem sett hafa mark sitt á félagslíf skólans. Af þessu tilefni hafa nemendur FNV heimsótt nemendur annarra skóla á Norðurlöndum.

Hestamennska. Boðið er upp á nám í hestamennsku við FNV til fimm knapamerka. Skólinn hefur yfir að ráða húsnæði fyrir tíu hesta. FNV er staðsettur í Mekka hestamenskunnar og á söguviði íslenskra fornsagna.

Þjónusta. Í Skagafirði má finna fjölbreytta og öfluga þjónustu, svo sem sjúkrahús/ heilsugæslu, veitingastaði, kaffihús, félagsmiðstöð, bíó og margs konar verslanir. Auk þessa má nefna skíðakennslu, reiðkennslu, danskennslu og ökukennslu.

Skólahúsnæði. Stutt er á milli allra bygginga skólans. Bóknámshúsið er fallett, rúmgott, snyrtilegt og vel tækjum búið. Verknámshús skólans er vel búið tækjum til kennslu verklegra greina. Í öllum byggingum skólans er þróaðlaust net sem gerir nemendum og kennurum fært að tengjast veraldarvefnum og innra neti skólans.

Námsfyrirkomulag. Skólinn starfar samkvæmt lotu- og áfangakerfi. Hverri önn er skipt í tvennt og námsmat fer fram um miðja önn úr því námsefni sem þá hefur verið farið yfir. Námsmat úr seinni helmingi námsefnisins fer fram í lok annar.



Peir sem kjósa geta undirgengist námsmat út úr öllu námsefni áfangans í lok annar. Þetta fyrirkomulag jafnar álag nemandans og stuðlar að betri námsárangri. Nemendur hafa lýst ánægju sinni með þetta fyrirkomulag.

Heimavist. Á heimavist FNV er gott að búa. Hún er notaleg og heimilisleg þar sem boðið er upp á vel búin eins og tveggja manna herbergi. Nemendur hafa þráðlaust netsamband á heimavist og aðgang að fjölmörgum sjónvarpsstöðvum. Þar er gott mötuneyti og íbúar þar hafa tölvuver til eigin nota. Boðið er upp á akstur um helgar til helstu þéttbýlisstaða á Norðurlandi vestra og fyrirhugað er að bjóða upp á daglegan akstur frá Skagaströnd og Blönduósi.

Nemendur eiga góða samvinnu við vistarstjóra og stjórnendur um að skapa heimilislegt andrúmsloft sem byggir á gagnkvæmu trausti íbúa heimavistar og vistarvæða.

Starfslið. FNV kappkostar að hafa á að skipa hæfu kennaraliði og leggur áherslu á persónuleg samskipti nemenda og kennara. Þá hafa nemendur greiðan aðgang að stjórnendum skólans, námsráðgjafa, umsjónarkennara, kennurum og öðru starfsfólki skólans.

Einkunnarorð skólans! Vinnusemi-virðing-velliðan, endurspegla sérkenni hans og þau markmið sem skólinn hefur að leiðarljósi í daglegu starfi.





Grundargötu 44
 350 Grundarfirði
 Sími: 430-8400 Fax: 430-8401
 Netfang: fsn@fsn.is
 Veffang: www.fsn.is



Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði er framhaldsskóli með nýstárlegt og sveigjanlegt námsfyrikomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennsluumsjónarkerfis. Skólinn er leiðandi í nýjum kennsluháttum þar sem megináherslan er á virkni nemenda og að þeir afli sér þekkingar með því að leysa verkefni, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni. Námið í skólanum er blanda af staðbundnu námi, dreifnámi og fjarnámi og er upplýsingatæknin nýtt til hins ítrasta í þeim tilgangi að bjóða upp á fjölbreytt nám. Flestir nemendur koma af Snæfellsnesi og sækja skólann daglega en töluverður hópur nemenda er í dreifnámi. Þar á meðal eru nemendur frá sunnanverðum Vestfjörðum sem verða nemendur skólans frá hausti 2007. Þeir stunda námið að jafnaði frá Patreksfirði en koma í skólann einu sinni í mánuði, nokkra daga í senn. Öflugt nemendafélag er í skólanum og áhersla lögð á gott og öflugt félagslíf nemenda þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Námsframboð

Almennar brautir 1 ár	Starfsnámsbrautir 2-3 ár	Stúdentsbrautir 4 ár	Sérdeild 4 ár
Almenn braut Almenn braut- fornám	Tölvufræðibraut Viðskiptabraut	Félagsfræðibraut Málabraut Náttúrufræðibraut Viðbótarnám til stúdentsprófs	Starfsbraut

Almennar brautir

Almenn braut: Á brautinni eru almennar bóklegar greinar í kjarna og listgreinar og tölvugreinar í vali. Almenn braut er ætluð nemendum sem eru óákveðnir um val á braut og einnig þeim nemendum sem ekki uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir.

Almenn braut – fornám: Brautin er ætluð nemendum sem þurfa frekari undirbúning áður en þeir hefja nám á öðrum brautum. Sérstök áhersla er á samstarf við foreldra og umsjón með nemendum.



Starfsnámsbrautir

Tölvufræðibraut: Meginmarkmið brautarinnar er að veita nemendum hagnýta þekkingu á flestum sviðum tölvutækninnar sem nýtist þeim í tölvutengdum störfum og í áframhaldandi námi.

Viðskiptabraut: Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi.

Stúdentsbrautir: Stúdentsbrautir veita nemendum góða, almenna þekkingu í bóklegum greinum en kjörsviðsgreinar eru mismunandi eftir brautum:

Á félagsfræðabraut eru kjörsviðsgreinar m.a. íslenska og stærðfræði auk samfélagsgreina eins og félagsfræði, sögu, sálfræði og uppeldisfræði og viðskiptagreina eins og bókfærslu, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði.

Á málabraut eru kjörsviðsgreinar m.a. íslenska og stærðfræði, enska, danska, franska, spænska og þýska.

Á náttúrufræðibraut eru kjörsviðsgreinar m.a. stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og tölvufræði.

Sérdeild

Starfsbraut: Brautin er ætluð fötluðum nemendum sem þurfa einstaklingsbundin námstækifæri.

Skólaakstur og mötuneyti

Við skólann er rekið mötuneyti fyrir nemendur og starfsmenn. Skólaakstur er skipulagður frá Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Helgafellssveit fyrir nemendur á Snæfellsnesi, en fyrir nemendur á sunnanverðum Vestfjörðum verður skólaakstur daglega frá Bíldudal, Tálkafirði og Barðaströnd til Patreksfjarðar.

Skrifstofan er opin kl. 8:10-12:10 og 12:40-16:10

Flottur skóli í Flóanum!

Skólinn var stofnaður 1981. Hann er alhliða framhaldsskóli Sunnlendinga. Skólahúsin eru öll þrjú á sömu lóð, verknámshúsið Hamar, bóknámshúsið Oddi og íþróttahúsið lða. Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og eru nú um 1000 talsins.

Námsframboð

Námsframboð við skólann er mjög fjölbreytt og finna hér flestir námsbraut við sitt hæfi.

Almenn námsbraut	Starfsnám/verknám
<ul style="list-style-type: none"> • Almenn nám • Fornám • Undirbúningsnám 	<ul style="list-style-type: none"> • Grunndeild bíliðna • Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina • Grunnám rafíðna • Grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina • Hestabraut • Húsasmíðabraut • Íþróttabraut • Listnámsbraut, fyrri hluti • Málmíðnaðarbraut, grunnnám • Sjúkraliðabraut • Söðlasmíði, samningsbundið iðnnám • Viðskiptabraut
Bóknám til stúdentsprófs	
<ul style="list-style-type: none"> • Félagsfræðibraut • Viðskipta- og hagfræðibraut • Málabraut • Náttúrufræðibraut 	
<ul style="list-style-type: none"> • Viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi 	
Starfsbraut	
<ul style="list-style-type: none"> • Starfsbraut 	



Akademíur

Nú eru þrjár íþróttakademíur við skólann: Kórfulbtaakademía, Handboltaakademía og Knattspyrnuakademía. Knattspyrnuakademían er fyrir bæði kynin, hinar tvær eru eingöngu fyrir stráka, enn sem komið er. Vali inn í akademíurnar er stýrt af samstarfsaðilum skólans en þeir eru Sideline Sports, Handknattleiksdeild Umf. Selfoss og Knattspyrnuakademía Íslands.

Nemendagarðar (heimavist) og skólaakstur

Glæsilegir nemendagarðar skólans eru að Eyra­vegi 26 á Selfossi. Um er að ræða 31 tveggja manna íbúðir en þær eru allar með húsbúnaði, sjónvarpi, ókeypis netaðgangi, eldunaraðstöðu og tilheyrandi borðbúnaði. Umfangsmikill daglegur skólaakstur er frá Hvolsvelli, Hellu, Flúðum, Reykholti, Hveragerði, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri.



Félagslíf

Nemendafélag skólans stendur fyrir öflugum félagslífi þar sem Flóafár, Kátir dagar, söngkeppni, leikrit og árshátíð ber hæst auk dansleikja og ýmissa klúbba. Kór skólans er öflugur; syngur við brautskráningu, heldur tónleika, fer í tónleikaferðir, innanlands sem utan, og stendur fyrir vísnakvöldum.



Sérstaða FSu

Kjörorð skólans eru: Fjölbreytni, sköpun, upplýsing. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytt námsframboð. Auk áður nefndra íþróttakadema er nám á sviði hestamennsku nýjung sem fyrst var í boði á haustönn 2006 og er sérstök Hestabraut í þróun. Þá má nefna að í skólanum er starfrækt ein öflugasta starfsbraut landsins. Skólinn er einnig í fararbroddi hvað varðar breytta kennsluhætti í kjölfar fartölvuvæðingarinnar og á fimmta hundrað nemenda notar fartölvur við nám sitt í skólanum en í skólahúsinum er þröðlaust örbylgjunet.

Skólinn er mjög virkur í erlendu samstarfi og hefur fjöldi nemenda farið í námsferðir erlendis í tengslum við slíkt samstarfsverkefni.





Sunnubraut 36
230 Reykjanesbæ
Sími: 421 3100
Fax: 421 3107
netfang: www.fss.is



FJÖLBRAUTASKÓLI
SUÐURNESJA

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er framsækinn framhaldsskóli með fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélags.

Í skólanum er hægt að stunda nám á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum. Einnig er boðið upp á nám á almennum brautum fyrir nemendur sem þurfa að bæta grunnmenntun sína og sömuleiðis nám á starfsbraut ætlað fötluðum nemendum. Auk þess hefur skólinn lagt áherslu á samstarf við atvinnulífið á Suðurnesjum um þróun starfsnáms s.s. í tengslum við flugþjónustu. Þá er skólinn kjarnaskóli í veiðafæragerð og sá eini á landinu sem býður upp á það nám.

Námsframboð

Bóknám til stúdentsprófs	Starfsnám	Verknám	Starfsbraut
Félagsfræðibraut Málabraut Náttúrufræðibraut	Flugþjónustubraut Íþróttabraut Sjúkraliðabraut Tölvufræðibraut	Grunnnám rafiðna Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina Hársnyrtibraut, fyrri hluti Húsasmiði (HÚ9)	4 ára nám þar sem áherslan er á starfsþjálfun á almennum vinnumarkaði
Annað bóknám	Uppeldisbraut	Grunnnám málmíðna	
Almenn braut	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	Netagerð	
Almenn braut -fornám	Viðskiptabraut Skólaliðabraut Listnámsbraut	Rafvirkjun (RK8) Vélstjórnarbraut 1. stig Vélstjórnarbraut 2. stig	

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru um 900 nemendur í dagskóla og um 200 í öldungadeild sem hefur verið mjög öflug undanfarin ár. Skólinn á aðild að Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem býður endurmenntun á fjölmörgum sviðum og nám á háskólastigi í samstarfi m.a. við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Skólinn er auk þess í samstarfi við Íþróttakademiuna í Reykjanesbæ og býður nám fyrir afreksfólk í íþróttum og námi sem vill geta æft íþrótt sína samhliða námi.

Skólinn er í Reykjanesbæ og er í eigu ríkisins og sveitafélaganna á Suðurnesjum en íbúar svæðisins eru um 16.000. Daglegur skólaakstur er til og frá skóla fyrir nemendur í Grindavík, Vogum, Sandgerði og Garði.



Í skólanum ríkir góður starfsandi þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu, samvinnu og árangur. Auk þess stuðlar skólinn að öflugu og fjölbreyttu félagslífi nemenda.

Haustið 2004 var tekin í notkun glæsileg viðbygging sem stórbætti alla aðstöðu í skólanum. Aðstaða til kennslu í raungreinum er nú með því besta sem þekkest á landinu.

Nánari upplýsingar er að finna á vef skólans: **www.fss.is**





Fjölbrautaskóli Vesturlands

Vogabraut 5 Sími: 433-2500 skrifstofa@fva.is
300 Akranes Fax: 431-2046 <http://www.fva.is>

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) var settur í fyrsta sinn haustið 1977. Nemendur við skólann eru um það bil 600 talsins, þar af um helmingur á stúdentsbrautum, um fjórðungur á iðnbrautum og um fjórðungur á öðrum námsbrautum.

Skólinn býður upp á alhliða framhaldsmenntun, bóklega og verklega, á mörgum námsbrautum. Hann veitir öfluga námsráðgjöf og leggur mikla áherslu á að styðja nýnema.

Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur frá upphafi starfað eftir áfangakerfi og átt drjúgan þátt í mótun þess. Áfangakerfið gerir skólanum kleift að taka tillit til einstaklinga með ólíkar þarfir og misjafna getu til náms.

Við skólann er vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk sem væntir þess að nemendur leggi sig fram og gerir því kröfur bæði til sín og þeirra.

Akranes er um það bil 6.000 manna bær þar sem er mjög öflugt íþróttalíf, stór tónlistarskóli, heilsugæsla og sjúkrahús, þróttmikið atvinnulíf og fjölbreytt tækifæri til skemmtana og tómstunda.

Námsframboð:

- ✓ Bóknámsbrautir til stúdentsprófs: félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, viðskipta- og hagfræðibraut.
- ✓ Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum.
- ✓ Listnámsbraut með tónlistarkjörsviði.
- ✓ Iðnnám á verknámsbrautum: húsasmíði, málmiðnir, rafiðnir.
- ✓ Samningsbundið iðnnám.
- ✓ Starfstengt nám: félagsmála- og tómstundabraut, sjúkraliðabraut, tölvufræðibraut, viðskiptabraut.
- ✓ Almenn námsbraut.
- ✓ Starfsbraut fyrir fatlaða.





Fjölbrautaskóli Vesturlands leggur áherslu á að:

- ✓ Koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.
- ✓ Hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.

Dugmiklir nemendur eiga þess kost að ljúka stúdentsnámi á skemmri tíma en fjórum árum. Í nokkrum námsgreinum er nemendum skipt í hópa eftir árangri á grunnskólaprófum þannig að þeir sem hafa bestan undirbúning fara í hraðferð með öðrum nemendum sem standa sig vel í námsgreininni. Þeim sem á þurfa að halda býðst fornám og stuðningur á almennri braut.

Með misþungum byrjunaráföngum kemur skólinn bæði til móts við þarfir þeirra sem hafa vilja og getu til að ljúka miklu námi á skömmum tíma og hinna sem hafa meira gagn af hægari yfirferð.

Íþróttaiðkun og nám í tónlistarskóla er hægt að samþætta skólagöngunni í Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Heimavist, mötuneyti og skólaakstur: Við skólann á Akranesi er heimavist fyrir 64 nemendur og mötuneyti fyrir alla nemendur skólans. Skólaakstur er milli Akraness og Borgarness.

Félagslíf: Nemendafélagið heldur uppi öflugum félagslífi m.a. mjög fjölbreyttu og kraftmiklu tónlistarstarfi, leiklist, kaffihúsakvöldum, dansleikjum og árshátíð. Nánari upplýsingar um starfsemi nemendafélagsins má finna á vef þess **www.nffa.is**.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðunni **www.fva.is**.



FJÖLBREYTT NÁM

Í FJÖLBRAUTASKÓLANUM Í BREIÐHOLTI

BÓKNÁM, LISTNÁM, IÐNNÁM/STARFSRÉTTINDANÁM

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám. Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám. Iðnnám/starfsnám býr nemendur undir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veitir sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúningur fyrir frekara nám.

BÓKNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS

- Félagsfræðabraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Upplýsinga- og tækniabraut
- Þriggja ára náttúrufræðibraut

LISTNÁMSBRAUTIR

- Myndlistarkjörsvið
- Textílhönnunarkjörsvið

IÐNNÁM

- Húsasmíðabraut
- Rafvirkjabraut
- Snyrtibraut

STARFSRÉTTINDANÁM

- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabruin

EINS TIL TVEGGJA ÁRA STARFSNÁM

- Grunnám rafiðna
- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Handiðabraut
- Íþróttabraut
- Viðskiptabraut
- Almenn námsbraut
- Starfsbraut

Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.

Öflugt félagslíf, góð aðstaða, þráðlaust netkerfi, góðir kennarar



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5, 111 Reykjavík

Sími 570 5600

Símbréf 567 0389

Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is





við Skólabraut,
210 Garðabæ
Sími: 520 1600
Bréfasími: 565 1957
Netfang: fg@fg.is
Veffang: www.fg.is



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er almennur framhaldsskóli með megináherslur á öflugar bóknámsbrautir og listnámsbraut. Boðið er upp á sérstaka þjónustu á þessum brautum fyrir nemendur með góðan vitnisburð úr grunnskóla undir kjör-orðunum: **Hópur – hraði – gæði.**

Skólinn hefur skapað sér sérstöðu fyrir kraftmikið og vaxandi listnám, bæði á sviði myndlistar og textíl- og fatahönnunar. Skólinn starfar í nýju og glæsilegu húsnæði við Skólabraut í Garðabæ sem býið er fullkomnum kennslubúnaði í listgreinum og raungreinum, tölvubúnaði af bestu gerð og góðri lesaðstöðu.

Námsframboð

Bóknámsbrautir	Listnámsbraut	Markaðsbraut
Félagsfræði Málabraut Náttúrufræðibraut	Myndlist Textíl- og fatahönnun	Þriggja ára nám með möguleika á framhaldi til stúdentsprófs
Viðskiptabraut	Íþróttabraut	Annað nám
Tveggja ára nám með möguleika til stúdentsprófs	Tveggja ára nám með möguleika á framhaldsnámi til stúdentsprófs	Almenn námsbraut Sérdeild fyrir fatlaða nemendur

Félagslíf. Skólinn vill stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna. Nemendur eru hvattir og styrktir til að leita upplifunar með þátttöku í listum, hönnun, íþróttum, ferðamennsku og öðrum viðfangsefnum sem efla lífsgleði og lífsnautn.



Helstu þættir félagslífsins eru:

Busavígsla og busaball

Haustrferð í Þórsmörk

Galadansleikur

Imbrudagar og árshátíð

Klúbbstarfssemi: sjóbretti, leiklist o.fl.

Skólablað

Ræðukeppni, spurningakeppni og söngvakeppni framhaldsskólanna

Þátttaka í íþróttaviðburðum skólanna

Náms- og kynnisferðir, innanlands og utan

Skemmtikvöld í stórum og vel útbúnum hátíðarsal

Uppsetning söngleiks





Ármúla 12

108 Reykjavík

Sími: 581 4022

Bréfasími: 568 0335

Netfang: skrifstofa@fa.is

Veffang: www.fa.is

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8.00-15.00



Fjölbrautaskólinn við Ármúla var stofnaður 7. september 1981. Kjörorð skólans eru **fastlegt nám til framtíðar**. Skólinn starfar eftir áfangakerfi.

Nemendur í dagskóla eru að jafnaði um 1000 talsins og kennarar og annað starfslið um 120 manns. Skólinn er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum. **Skólinn býður upp á fjarnám í fjölmörgum áföngum, allt árið um kring**. Nemendur í fjarnámi eru um 1200.

Námsframboð

Bóknámsbrautir til Stúdentsprófs	Starfsnámsbrautir	Annað nám
Félagsfræðibraut Náttúrufræðibraut Málabraut Viðskipta- og hagfræðibraut	Lyfjatæknabraut Læknaritarabraut Námsbraut fyrir nuddara Námsbraut fyrir heilbrigðisritara Sjúkraliðabraut Tanntæknabraut Upplýsingatækni- og fjölmiðlabraut Viðskiptabraut Framhaldsnám í öldrunarhjúkrun	Almenn námsbraut Starfsbrautir

Nemendur skólans standa fyrir öflugum félagslífi og þar má nefna ýmsar skemmtanir og uppákomur ss. böll, tónleika og ferðalög auk ýmissa lista- og menningarviðburða. Margir áhugahópar eru starfræktir, t.d. leiklistarklúbbur, taflklúbbur, ritnefnd og tölvuklúbbur. Kór er starfandi við skólann.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla Heilbrigðisskólinn

Heilbrigðisskólinn er sérstök deild í FÁ, en skólinn er kjarnaskóli fyrir heilbrigðisgreinar og hefur innan vébanda sinna margar starfsmenntabrautir á því sviði. Nemendur sem hefja nám á bóknámsbrautum skólans geta fært sig yfir á starfsmenntabrautir og ófugt og jafnan er reynt að gæta þess að nám sem lokið er á einhverri braut skólans nýtist þótt skipt sé um námsbraut.

Starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði:

- Lyfjateknabraut
- Læknaritarabraut
- Námsbraut fyrir nuddara
- Námsbraut fyrir heilbrigðisritara
- Sjúkraliðabraut
- Tenntæknabraut

- Brúarnám sjúkraliða
- Brúarnám hjúkrunar- og móttökurítara

Framhaldsnám fyrir sjúkraliða í öldrunarhjúkrun

Nám á þessum brautum tekur frá einu upp í fjögur ár. Atvinnumöguleikar eru góðir fyrir fólk með þessa menntun og í sumum tilvikum geta nemendur valið milli margra góðra starfa við námslok. Hægt er að ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs af öllum starfsnámsbrautum.



FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA

Fjoltækniskóli Íslands er nýr, einkarekinn skóli sem er reistur á traustum grunni Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands. Markmið Fjoltækniskóla Íslands er að bjóða öfluga og fjölbætta menntun á sviði verknáms sem gefur verðmæt starfsréttindi samhliða stúdentsprófi og er áhugaverður kostur fyrir ungt fólk.

Skipulag Fjoltækniskóla Íslands

Í skólanum eru 4 námssvið: Tækni-, Vélstjórnar-, Skipstjórnar- og Sjávarútvegssvið. FTÍ starfar eftir áfangakerfi. Það gerir skólanum kleift að meta nám frá öðrum skólum. Námsferlinu er skipt upp í áfanga sem hver um sig tekur eina önn og lýkur með prófi í annarlok. Áfangakerfið er þess eðlis að það leggur nemendum nokkrar byrðar á herðar. Þeir verða sjálfir að ákvarða námshraða og velja sér viðfangsefni fyrir hverja önn. Til að auðvelda þetta er nauðsynlegt að þeir geri áætlun um námsferil sinn og niðurröðun einstakra áfanga í námsannir í samráði við umsjónar-kennara sinn eða námsráðgjafa.

Almenn inntökuskilyrði

Að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með lágmarkseinkunnina 5 (meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar) í íslensku og stærðfræði. Skólinn getur sett ákveðnar kröfur ef umsóknir eru fleiri en hægt er að anna.

Tæknisvið, Náttúrufræðibraut – nýtt svið

Fjoltækniskóli Íslands býður nám á nýju tæknisviði; náttúrufræðibraut sem kemur til með að gegna lykilhlutverki í þróun og vexti skólans. Námið er bæði verklegt og bóklegt og gagnast nemendum sem starfs-nám, sem leiðir til atvinnu. Að auki veitir það stúdentspróf af náttúru-fræðibraut og þar með réttindi til áframhaldandi náms.

Í fyrstu verður boðið upp á vél-, raf- eða skipstækni innan náttúru-fræðibrautar þar sem nemendur stunda nám til undirbúnings raungreinanámi í háskóla. Námið er sérnsiðið að þörfum háskólanna með blanda af bóklegum greinum og tæknigreinum. Stefnt er að því að nemendur geti útskrifast með vélstjórnarpróf 2. stigs, samhliða stúdentsprófi úr náttúrufræðideild. Sérstök áhersla verður lögð á undir-búning undir háskólanám í tækni- og verkfræði. Nánari upplýsingar eru veittar í skólanum.

Vélstjórnarsvið

Nemendur sem ljúka námi á vélstjórnarsviði í Fjoltækniskóla Íslands hljóta alþjóðlega viðurkennd vélstjórnarréttindi, jafnhliða því að fá stúdentspróf. Jafnframt fá þeir vélvirkja- og rafvirkjaréttindi að uppfylltri verklegrri þjálfun og ákveðnum skilyrðum.

Vélstjórnarnám er fjölbætt samsetning verknáms og bóknáms í áfanga-kerfi. Allt námið er 208 einingar í fjórum stigum sem skipt er á 10 annir. Samhliða lokum fjórða stigs ljúka nemendur stúdentsprófi.

Vélstjórnarnám er frábær leið fyrir þá sem hafa áhuga á starfsréttindum í véla- og tæknigreinum og vilja jafnframt eiga möguleika á áframhaldandi háskólanámi. Vélstjórnarnámið er góður grunnur umfram hefðbundið bóknám fyrir þá sem ætla í háskólanám í raungreinum.





FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR



Skipstjórnarsvið

Fjöltækniskóli Íslands býður einn íslenskra framhaldsskóla nám til alþjóðlegra viðurkenndra atvinnuréttinda skipstjórnarmanna og er markmiðið að nemendur ljúki stúdentsprófi um leið og þeir öðlast mestu réttindi.

Skipstjórnarnámið er fjölþætt samsetning verknáms og bóknáms. Námið er 152 einingar í þremur stigum sem skipt er á 8 annir og veitir stigvaxandi atvinnuréttindi til skipstjórnunar eftir því sem náminu vindur fram.

Atvinnuþöguleikar skipstjórnarmanna eru í íslenska kaupskípa- og fiskiskípaflotanum og, þar sem réttindin eru alþjóðlega viðurkennd, einnig í alþjóðlegum siglingum, t.d. við farmlutninga og á skemmtiferðaskípum. Skipstjórnarmenntunin er einnig góð alhlíða stjórnarmenntun, sem gefur ágæta möguleika á stjórnunarstörfum í landi.

Almenn námsbraut

Fjöltækniskóli Íslands býður almenna námsbraut frá hausti 2005. Markmið brautarinnar er að byggja upp þann námsgrunn sem gerir nemendum kleift að stunda áframhaldandi framhaldsskólánám. Auk þess er lögd áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda og styrkja sjálfs-traust þeirra og ráða bug á hindrunum sem hugsanlega hafa staðið í vegi fyrir eðlilegum námsárangri í grunnskóla. Almenna deildin býður nám sem er blanda verknáms og bóknáms í sérhæfðum litlum skóla – bæði fyrir stráka og stelpur. Nánari upplýsingar eru veittar í skólanum.

Sjávarútvegssvið – nýtt svið

Sjávarútvegssvið er nú námsbraut innan Fjöltækniskóla Íslands sem tengist útgerð og sjávarútvegi og er þróuð í samvinnu við atvinnugreinina.

Í fyrstu verður boðið upp á nám í sjávarútvegstækni þar sem námið er sjálfstætt framhald af stúdentsprófi, vélstjórnar- eða skipstjórnarprófi eða öðru sambærilegu námi.

Námið er sérhæft og leiðir til stjórnunarstarfa í sjávarútvegi. Nánari upplýsingar eru veittar í skólanum.

Skrifstofa Fjöltækniskóla Íslands

Skrifstofan veitir upplýsingar um starf skólans og ýmsa aðra fyrirgreiðslu. Skrifstofutíminn er kl. 8-12 og 13-16 mánudaga til föstudaga, sími 522 3300.

Mötuneyti

Matsala er starfrækt á 1. hæð aðalbyggingar.

Bókasafn og lestraraðstaða

Bókasafn er á 4. hæð aðalbyggingar. Það er opið kl. 8-16 alla virka daga. Í tengslum við bókasafnið er lestraraðstaða fyrir nemendur.

Tölvuver

Í skólanum eru 2 tölvuver fyrir nemendur. Einnig er þráðlaus nettenging fyrir fartölvur í öllum byggingum skólans.

Félagslíf nemenda – Nemendafélag

Auk lögboðinna skólagjalda innheimtir skrifstofan félagsgjöld sem renna til nemendafélagsins. Stjórn félagsins eru í höndum nemendaráðs sem er skipað fulltrúum nemenda kosnum á aðalfundi félagsins að hausti. Skólablöð nemenda eru Skrífan og Kompás.

Námslán frá LÍN

Nám við Fjöltækniskóla Íslands er lánshæft fyrir nemendur, sem búnir eru með meira en 30 eininga nám (1 vetur) á framhaldsskólastigi, samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, LÍN. Í afgreiðslu LÍN í Borgartúni 21, 105 Reykjavík, fást umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Fjöltækniskóla Íslands www.fti.is

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Pósthólf 240, 222 Hafnarfjörður Sími: 565 0400

Bréfasími : 565 0491 Netfang: flensborg@flensborg.is Heimasíða: www.flensborg.is

Skrifstofan er opin virka daga á skólatíma frá kl. 8:00—15:30 nema föstudaga til kl. 14:30.

Skólameistari er Einar Birgir Steinþórsson

Þekking - þroski - þjálfun

Við bjóðum framhaldsnám sem hentar breiðum hópi nemenda, litum á alla einstaklinga sem jafnrétt háa og vinnum að því að nemendur séu í öruggu, jákvæðu og hvetjandi námsumhverfi.

Flensborgarskólinn er skóli sem hefur möguleika á að veita nemendum persónulega þjónustu. Áhersla er lögð á að veita nemendum aðhald og leiðsögn bæði hvað varðar nám og ástundun. Við viljum gera góða nemendur betri. Haustið 2007 lýkur viðamiklum endurbótum á eldri húsum skólans og þar með er öll aðstaða skólans eins góð eða betri en best gerist hér á landi.

Nemendum stendur til boða aðgangur að öflugu innra neti í skólanum, tölvupóstkerfi, nýjstu tölvutækni og mjög góðri námsaðstöðu.

Við bjóðum sveigjanlegan námstíma á námi til stúdentsprófs eða frá þremur árum.

Ef þú vilt gott bókasafn, greiðan aðgang að tölvum og þráðlausu neti, fullbúið hljóðver fyrir hljóðvinnslu sem og útvarp og sjónvarp, góða aðstöðu fyrir myndlist, heimilisfræði, eiga mikla möguleika í tölvuvinnslu t.d. á margmiðlunarefni þá er Flensborg rétti skólinn.



Við bjóðum fjölmarga kosti í nýju og glæsilegu húsnæði. Í skólanum er blómlegt tónlistar- og leiklistarlíf og öflugur kór. Nemendafélagið sér um fjölbreyttar uppákomur og skemmtanir og má þar nefna söngvakeppni, áhrshátíð og vakningadaga. Einnig taka nemendur þátt í spurninga- og ræðukeppni framhaldsskólanna og gefa út skólablaðið Draupni.

Taktu forystuna strax og nýttu þér kosti sveigjanlegs námstíma.



**Í boði er nám til stúdentsprófs
af fjórum brautum:**

- **Félagsfræðibraut**
- **Hagfræðibraut**
- **Náttúrufræðibraut**
- **Málabraut**

Aðrar brautir:

- **Viðskiptabraut** verslunarpróf
- **Íþrótt- og íþróttáfreksbraut**
felld að kjörsviðum stúdentsbrauta
- **Listnámsbraut** - tónlistarkjörsvið
- **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**, grunnnám
- **Fjölmiðlatækni** - sérnám
- **Auk** viðbótarnáms til stúdentsprófs

Almennt nám:

- **Nám á almennri braut**
- **Starfsbraut**

**Þú notar kjörsviðið til að
sníða námið að þínum markmiðum**

**Við bjóðum hraðleið og sérstaka þjónustu
fyrir duglega nemendur**

**Þú getur lokið námi til stúdentsprófs
af öllum styttri námsbrautum**

**Við bjóðum tvenns konar íþróttasvið vegna afreksþjálfunar
og undirbúnings undir störf við íþróttir**



Flensburg - taktu forystuna strax með okkur



FLENSBORG



Stóragarði 10
640 Húsavík.
Sími: 464 1344
Bréfasími: 464 1638
Netfang: fsh@fsh.is
Veffang: www.fsh.is



Áræði – öryggi – árangur

Framhaldsskólinn á Húsavík er fjölbrautaskóli með áfangakerfi. Í honum eru u.þ.b. 150 nemendur og 20 starfsmenn. Lögð er áhersla á góð samskipti og persónulega þjónustu sem auðvelt er að veita í skóla af þessari stærð.

Meginmarkmið skólans eru

- nemendur fái góðan undirbúning og áhuga á framhaldsnámi
- nemendur verði vel hæfir til starfa sem þeir mennta sig til
- nemendur tileinki sér frumkvæði og sýni nýsköpun áhuga
- nemendur öðlist hæfni til samskipta og virkrar þátttöku í samfélaginu
- nemendur sýni umhverfi sínu áhuga og virðingu
- nemendur læri að njóta bókmennta, lista og annarra menningarverðmæta

Námsframboð

- Almenn námsbraut
- Bóknámsbrautir til stúdentsprófs: Félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut
- Bóklegt iðnnám
- Félagsliðabraut
- Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum
- Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum
- Skólaliðabraut
- Sjúkraliðabraut
- Starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir
- Viðskiptabraut

Sérstakar áherslur í starfi skólans

Lögð er áhersla á að kynna öllum nemendum hugmyndafræði nýsköpunar og frumkvöðlamenteitar til að gera þeim auðveldara að sjá ný tækifæri í daglegu lífi og taka þátt í mótun þjóðfélagsins. Öllum nemendum gefst tækifæri til að taka þátt í verkefnum á þessu sviði.

Skólinn leggur áherslu á nýtingu upplýsingatækni við nám og kennslu og að tölvubúnaður sé ávallt í samræmi við það sem best gerist.

Félagslíf nemenda

Flestir nemendur skólans eru í nemendafélaginu sem stendur fyrir fjölbreyttu félagslífi. Klúbbbar eru starfræktir um ýmis áhugamál. Leiklistarklúbbur hefur starfað með ágætum og sett upp leikrit og söngleiki af miklum metnaði. Nemendur starfrækja



útværpsstöð allan veturinn og þeim býðst að taka þátt í sameiginlegum verkefnum framhaldsskólanna, s.s. söngvakeppni, spurningakeppni og íþróttakeppni. Opnir dagar sem heita Dillidagar eru á vorönn og þeim lýkur með glæsilegri árshátíð.





Framhaldsskólinn á Laugum

650 Laugum

Sími: 464 6300

Bréfasími: 464 3163

Netfang: laugar@laugar.is

Veffang: www.laugar.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 08:00-12:00, mánudaga og miðvikudaga frá 13:00-16.00 og fimmtudaga frá 13:00-15:00.



Framhaldsskólinn á Laugum (FL) er heimavistar-skóli. Mjög góð aðstaða er til náms, félagslífs og íþróttaiðkunar við skólann og heimavistaraðstaða er með því besta sem gerist. Nemendur skólans koma alls staðar að af landinu. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu og umhyggju gagnvart nemendum, en jafnframt eru gerðar til þeirra kröfur í námi og samskiptum.

Námsframboð

Félagsfræðabraut

Náttúrufræðibraut

Íþróttabraut

Almenn námsbraut

Aðstaða: Íþróttaaðstaða við Framhaldsskólann á Laugum er afar góð. Þar er eitt besta íþróttahús sem um getur við skóla, búið fullkomnum þrekkækjasal og góðri aðstöðu til iðkunar bolta- og frjálsíþróttar. Lið skólans hefur tekið þátt í Íslandsmótinu í körfuknattleik, 2. deild. Einnig hafa lið skólans tekið þátt í fjölmörgum knattspyrnumótum sem fara fram á starfstíma skóla. Í íþróttahúsinu er gufubað og ljósabekkur. Ný 25 m. útisundlaug og heitir pottar eru á staðnum svo og mjög góðir íþróttavellir, grasvöllur með aðstöðu til frjálsíþróttaiðkunar og malarvöllur.

Í skólanum er gott bókasafn, öflugt tölvuver og rúmgóð vinnuaðstaða fyrir nemendur. Skólinn er vel búinn kennslutækjum. Þá státar skólinn af góðu kvikmyndum og leikhúsi. Nemendur FL taka þátt í öflugum leiklistarstarfi í samstarfi við leikdeild Umf. Eflingar. Það starf hefur m.a. komið nemendum skólans á fjalir Þjóðleikhússins.

Á Laugum er tónlistarskóli, sem nemendur FL hafa nýtt sér í talsverðum mæli.

Á Laugum er almenn verslun, pítsaveitingastaður, sparisjóður og pósthús.

Læknamóttaka er í húsnæði skólans. Læknar frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga eru með viðtalstíma einu sinni í viku en auk þess starfar hjúkrunarfræðingur á Laugum.

Öflugt og skemmtilegt félagslíf er í skólanum. Sjá nánar nfl.is, heimasíðu nemendafélags Framhaldsskólans á Laugum. Stefna skólans er að hlúa sem best að félagslífi nemenda með aðstoð og ráðgjöf kennara, en félagslífið er að frumkvæði og undir forsjá nemenda.



Heimavist: Heimavistin er starfrækt í fjórum húsum. Nemendur geta valið milli glæsilegra herbergja með baði, síma og aðstöðu til tölvutenginga og síðan herbergja með handlaug og sameiginlegri snyrtingu. Mötuneyti og þvottahús eru starfrækt í tengslum við heimavistina.



Nýheimum, 780 Höfn
Sími: 470 8070, bréfasími: 470 8071
Netfang: fas@fas.is
Veffang: www.fas.is
Skrifstofa opin daglega frá 8:00 – 16:00



Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er um 100 nemenda skóli í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Nýheimar eru sameiginlegt húsnæði Framhaldsskólans, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Hornafjarðarseturs Háskóla Íslands og Frumkvöðlaseturs Austurlands. Í skólanum er lögð áhersla á að þjóna þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu námsframboði. Fjarnám og tölvutengt nám er mikilvægur hluti náms við skólann og fer sífellt vaxandi. Í skólanum er þráðlaust net fyrir fartölvur. Allir kennarar og um þriðjungur nemenda nota fartölvur í sinni daglegu vinnu.

Skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla á Austurlandi samkvæmt sérstökum samstarfssamningi. Markmið samningsins er fyrst og fremst að gefa nemendum kost á eins fjölbreyttu námi og hægt er og tryggja þeim sem bestan undirbúning undir frekara nám eða störf.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er aðili að Fræðsluneti Austurlands sem hefur það markmið að auðvelda íbúum fjórðungsins aðgang að háskólanámi og símenntun.

Námsframboð

Stúdentsbrautir: Félagsfræðabraut, Málabraut og Náttúrufræðibraut

Viðbótarnám til stúdentsprófs

Almenn námsbraut

Starfsbraut

Skipstjórnarnám 1. stig og 30 rúmlesta réttindanám

Vélstjórnarnám 1. stig

Sérstaða: Skipulag skólans og vinnuaðstaða nemenda miðast við að nemendur ljúki sinni vinnu í skólanum á dagvinnutíma. Lögð er áhersla á að skipuleggja með nemendum vinnu utan kennslustunda. Tengsl skólans við stofnanir og fyrirtæki í Nýheimum skapa honum mikla sérstöðu sem á eftir að hafa mikil áhrif á vöxt hans og viðgang á næstu árum. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er lítill skóli sem sniðinn er að þörfum nemenda og samfélagsins hverju sinni. Hver nemandi fær persónulega þjónustu og mikið er lagt upp úr lifandi tengslum við umhverfið hvað varðar námsframboð, verkefnavinnu og félagslíf. Skólinn er í fremstu röð hvað varðar upplýsinga- og tölvutækni. Í skólanum er góð aðstaða til náms. Heimavist er rekin við skólann í samvinnu við gistipjónustufyrirtæki á Höfn.



Félagslíf: Nemendur hafa á undanförunum árum haldið úti öflugu félagslífi sem skipar veigamikinn sess í sveitarfélaginu. Meðal atriða má nefna: Busun, kaffihúsa-kvöld, leiksýningar, uppistand, dansleiki, árshátíð, skólaheimsóknir og ferðalög innanlands og utan.

Fullorðinsfræðsla og símenntun: Í samvinnu við Fræðslunet Austurlands og aðra framhaldsskóla á Austurlandi er boðið upp á fjölbreytlegt úrval náms og námskeiða í samræmi við óskir og þarfir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.





900 Vestmannaeyjum

Sími: 488 1070

Bréfasími: 488 1071

Netfang: fiv@fiv.is

Veffang: www.fiv.is



Framhaldsskólinn varð til árið 1979 er sameinuðust í einn skóla framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans, Vélskólinn og Iðnskólinn í Vestmannaeyjum. Á grunni þessara þriggja skóla varð til fjölbrautaskóli, sem býður fjölbreytt nám, bæði verklegt og bóklegt.

Stærð skólans og nemendafjöldi hefur ávallt tryggt það að samskipti hafa verið góð og þjónusta öll persónuleg. Skólinn er rekinn eftir áfangakerfi og góðir nemendur geta auðveldlega flýtt námi sínu. Einnig er nemendum í hefðbundnu bóknámi gert kleyft að velja sér verklega áfanga, ásamt leiklist eða myndlist.

Námsframboð

Nám til stúdentsprófs af þremur brautum

- Félagsfræðibraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðbótarnám til stúdentsprófs

Starfsnám

- Grunn nám til bygginga- og mannvirkjagreina, rafíðngreina og málmíðngreina
- Húsasmíði
- Múraraíð
- Pípulagnir
- Sjúkráliðabraut
- Skipstjórnarbraut til 30 rúml. 1. og 2. stig.
- Vélstjórnarbraut, 1. og 2. stig

Aðrar brautir

- Almenn námsbraut
- Félagsmála og tómsundabraut
- Íþróttabraut
- Starfsbraut
- Viðskiptabraut

Íþróttanám - afreksbraut. Nemendum gefst kostur á að stunda nám í íþróttfræði og íþróttgreinum, td. fótbolta eða handbolta samhliða öðrum greinum brautarinnar og sem hluta af brautinni. Inni í þessu geta verið þjálfara- og dómaraéttindi og þeir sem taka afreksæfingarnám á vegum ÍBV fá það metið til eininga. Nemendur afreksbrautar ganga fyrir á heimavist og eru þar í vernduðu umhverfi.

Öll námsaðstaða er með ágætum. Gott bókasafn með lesaðstöðu og tölvuaðgangi. Vel búið tölvuver, sem stendur nemendum opið utan kennslustunda. Góður véla- og tækjakostur til verklegrar kennslu. Góður húsakostur og vel búnar kennslustofur.

Í Eyjum er aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar afar góð. Fjarlægðir eru ekki meiri en svo að menn geta farið allra sinna ferða fótgangandi og samt er þar allt til alls.





707 Hallormsstað

Sími: 471 1761

Netfang: hushall@ismennt.is

Veffang: www.hushall.is



Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað er lítill, vinsæll og heimilislegur skóli í fögru umhverfi Hallormsstaðaskógar. Í skólanum eru að hámarki 24 nemendur á hverri önn. Boðið er upp á einnar annar nám (fjórir mánuðir) í matvæla-, hreinlætis- og listnámsgreinum. Námið er metið til 31 einingar í áfangakerfi framhaldsskólanna. Námsgreinar eru veitingatækni, hreinlætisfræði, næringarfræði, fatahönnun, fatagerð, útsaumur og vefnaður auk stuðningsgreina

Skólastefna

Stefna skólans er að nemendur læri hefðbundnar aðferðir og nýti þær sem grunn við útfærslu nýtskulegra hugmynda og kenninga.

Stefnumið

Að nýta smæð skólans, reynslu starfsfólks og umhverfið til að veita hverjum nemanda þjónustu við hæfi.

- Að miðla sérhæfðri þekkingu á sviði matreiðslu og hönnunar, handavinnu, saumum og vefnaði.
- Að kenna nemendum að nýta auðlindir landsins á sjálfbæran máta.
- Að nýta umhverfi skólans.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað er fagskóli á sviði matreiðslu, hönnunar, handavinnu, fatagerðar og vefnaðar. Skólinn miðlar sérhæfðri þekkingu á framhaldsskólastigi í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla.

Markmið

- Að veita hverjum og einum nemanda menntun sem nýtist í daglegu lífi og tómstundum.
- Að fræða nemendur fyrir áframhaldandi nám.
- Að búa nemendur undir störf tengd matvæla- og listnámsgreinum.
- Að efla sjálfsmynd og frumkvæði nemenda.
- Að nemendur skilji hvað er sjálfbær þróun og hafi öðlast þjálfun í vinnubrögðum sem lúta að slíkri hugmyndafræði.
- Að nemendur nái að meðaltali 75% af námsmarkmiðum.

Áherslupunktur í skólastarfinu

Leitast er við að efla ábyrgðarkennd, sjálfstæði, vísýni og frumkvæði. Í þeim tilgangi eru nemendum falin verkefni svo sem umsjón með kvöldverði, innhringingu í tíma, húsþrif o.fl. Rækt er lögð við að þroska umburðarlyndi nemenda og gagnrýna hugsun. Á heimili þar sem 24 ungmenni búa saman í 15 vikur gefst tækifæri til að örva gagnkvæma virðingu fyrir lífi, skoðunum og eigum annarra, en jafnframt virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfinu sem er sameign okkar allra.

Áhersla er lögð á umhverfisvænan lífsstíl og vinnuaðferðir. Í þeim tilgangi er fjallað um sjálfbæra þróun og sorp flokkað. Efniviður úr umhverfinu er nýttur til matargerðar, skreytinga og föndurs.





Sólvallagötu 12, 101 Reykjavík
Sími: 551 1578
Bréfasími: 551 1577
Netfang: husrvik@centrum.is
Veffang: www.husstjornarskolinn.is



Hússtjórnarskólinn í Reykjavík er lítil og heimilislegur skóli í fallegu húsi í vesturbænum í Reykjavík.

Í skólanum er boðið upp á einnar annar nám í hússtjórnar- og handmenntagreinum. Námið greiðir fyrir þeim sem leita, án frekara náms, eftir vinnu við matargerð, framreiðslu og ræstistörf, t.d. á veitingastöðum og í mötuneytum auk þess að vera góður undirbúningur fyrir heimilishald. Námið er metið til 25 eininga í áfangakerfi framhaldsskóla, t.d. sem hluti af námi matartækna.

Helstu námsgreinar eru:

Matreiðsla, sjö einingar. Kenndar eru fjölbreyttar matreiðsluaðferðir ýmissa fæðutegunda og mismunandi aðferðir við brauð- og kökubakstur.

Þvottur og ræsting, tvær einingar. Nemendur læra vinnubrögð við umhirðu heimilis, þvott á mismunandi fatnaði, frágang þvottar, t.d. að strauja og pressa.

Fata- og vélsaumur, fjórar einingar. Nemendur læra að taka mál, búa til grunn snið og læra helstu grunnatriði í fatasaumi. Einnig læra nemendur bútautum.

Útsaumur, þrjár einingar. Nemendur læra ýmsar gamlar og nýjar útsaumsaðferðir. Þrjón og hekl, fjórar einingar. Meðal annars læra nemendur að þrjóna sokka, vettlinga og lopapeysu. Kennd eru undirstöðuatriði í hekli og að vinna eftir uppskriftum.

Vefnaður, þrjár einingar. Nemendur læra að setja upp í vefstól og vefa einfalda nytjahluti.

Næringarfræði, ein eining.

Vörufraði, ein eining.

Textilfræði, ein eining.

Nemendur fá leiðsögn í þæfingu.

Hússtjórnarskólinn býður upp á heimavist fyrir þá sem þess óska.






Flatahrauni 12

220 Hafnarfirði

Sími: 585 3600, Bréfsími: 585 3601

Netfang: ih@idnskolinn.is. Veffang: www.idnskolinn.is

Skrifstofa er opin mán.-fim. frá 8:30-16:00, föstudaga frá 8:30-15:00



Ídnskólinn í Hafnarfirði er framsækinn skóli í stöðugum vexti. Skólinn byggir á gömlum grunni hefðbundins iðnnáms og tækni en hefur einnig haslað sér völl sem góður listnáms-skóli. Hann hefur skapað sér sérstöðu með því að vera með gott námsframboð í greinum sem byggja á sköpun og samvirkni hugar og handar. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og eru kennslustofur búnar nýjustu tækjum. Einnig er góð lesaðstaða, náms- og starfsráðgjöf, tölvuver, aðstaða fyrir skólafélag, bókasafn og mötuneyti.

Námsframboð

Almenn braut: Námið er ætlað nemendum sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi með fullnægjandi árangri og hafa áhuga á iðnnámi eða listnámi.

Bygginga- og mannvirkjagerð: Námið hefst með einnar annar sameiginlegu grunnnámi en að því loknu velja nemendur fagnám í húsasmíði, húsgagnasmíði eða pípuLögnum. Heildarnámstími er að jafnaði fjögur ár og þar af er samningsbundið vinnustaðanám 18-30 mánuðir eftir iðngreinum. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Hársnyrtið: Nám í hársnyrtið tekur samtals fjögur ár og er um helmingur þess samningsbundið vinnustaðanám. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Listnámsbraut, almenn hönnun: Með listnámi er lagður grunnur að frekari hönnunarnámi í sérskólum eða á háskólastigi. Námstími er að jafnaði þrjú ár en hægt er að bæta við sig einingum og afla sér almennra réttinda til náms á háskólastigi. Nemendur með stúdentspróf geta lokið náminu á tveimur árum.

Málmiðnir: Nám í fyrri hluta málmiðngreina tekur tvö ár. Framhaldsnám í blikk-smíði, rennismíði og vélvirkjun er einnig í boði og geta nemendur lokið því á einu ári. Heildarnámstími er um fjögur ár og þar af er 15 mánaða samningsbundið vinnustaðanám. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Rafmagnsdeild: Grunnám rafiðna er tvö ár. Hægt er að ljúka framhaldsnámi í rafvirkjun á einu ári. Heildarnámstími er um fjögur ár og þar af er 12 til 18 mánaða samningsbundið vinnustaðanám. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Tækniteiknun: Í námi í tækniteiknun er lögð áhersla á tölvuteikningu og almenna tölvunotkun. Meðalnámstími eftir grunnskólapróf er þrjú ár en tvö ár eftir stúdentspróf.



Útstillingabraut: Nám í útstillingum er bæði verklegt og bóklegt og tekur að jafnaði tvö ár. Verklegt nám skiptist í vinnu á verkstæði skólans og vinnu í verslunum.

Félagslíf: Skólafélag Iðnskólans í Hafnarfirði er hagsmunafélag nemenda og stendur einnig fyrir ýmiss konar félagsstarfi og uppákomum m.a. skemmtikvöldum, dansleikjum, ferðalögum og árs hátíðum. Skólinn hefur einnig tekið þátt í ýmsum keppnum meðal framhaldsskólanema. Allar frekari upplýsingar er að finna á vef nemendafélagsins www.idnaskolinn.is/nemendur/.

Námskeið: Auk hefðbundinna námsbrauta eru ýmiss konar námskeið í boði innan skólans. Má þar nefna kennslu á AutoCad teikniforrit, trefjaplasttækni, eldsmíði, CNC tækni á tölvustýrðan rennibekk og fræsivél, steinaslípun, glerbræðsla o.fl.



Iðnskólinn í Reykjavík



GUSTAR-2006

rafiðnasvið

bygginga- svið

almenn svið

Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans.

Allt almenna námið er mats-hæft á milli skóla eftir því sem við á.

Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir.

Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir:

- Rafiðnabraut**
- Rafvirkjun**
- Rafeindavirkjun**
- Rafvélavirkjun**
- Rafveituvirkjun**
- Símismiði**

sérdeilda- svið

Á sérdeildarsviði eru tvær brautir:

- Starfsdeild**
- Nýbúabraut**

Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann).

Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina:

- Húsasmíði**
- Húsgagnasmíði**
- Múrsmíði**
- Málun**
- Veggfóðrun og dúklagningar**

hönnunar- svið

Á hönnunarsviði eru fjórar brautir:

- Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik)
- Hársnyrting**
- Fataiðnabraut** (klæðskurður og kjólasaumur)
- Gull- og silfur-smíði**

fjölbreytt nám við allra hæfi



upplýsinga-
og marg-
miðlunarsvið



fjarnám

kvölskóli

tölvusvið

Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í forritun og netkerfum.

Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut** **Tækniteiknun** **Margmiðlunarskólinn**

meistaránám

Meistaraskólinn er sérstakur skóli fyrir þá sem lokið hafa sveinsprófi í sínum iðngreinum og vilja afla sér kunnáttu til að **reka eigin fyrir-tæki og réttinda til að taka nema.**

Fjarnám er áhuga-verður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaránámsins.

Í kvöldskólanum er boðið upp á margvíslegt nám, bæði **fagnám** og **almennt nám**.





Kvennaskólinn í Reykjavík

Fríkirkjuvegi 9, 101 Reykjavík

Sími: 580 7600

Bréfasími: 552 5682

Netfang: kvennaskolinn@kvenno.is

Veffang: www.kvenno.is

Nemendafélagið Keðjan: [//kedjan.kvenno.is](http://kedjan.kvenno.is)

Skrifstofan er opin daglega frá kl. 8:00 til kl. 16:00.

Kvennaskólinn í Reykjavík er einn allra elsti skóli landsins, stofnaður 1874 af hjónunum Þóru og Páli Melsteð. Fyrstu öldina sem skólinn starfaði var hann eingöngu fyrir konur en haustið 1977 hóf fyrsti pilturinn nám við skólann. Síðan þá hefur piltum í skólanum fjölgað ár frá ári og eru þeir nú tæpur þriðjungur nemenda. Skólinn varð framhaldsskóli 1979 og fyrstu stúdentarnir útskrifuðust 1982. Í skólanum eru um 570 nemendur og starfsmenn eru um 60.

Kvennaskólinn er til húsa að Fríkirkjuvegi 9 og Þingholtsstræti 37 en það hús er í daglegu tali kallað Uppsalar. Íþróttakennslan fer fram í líkamsræktarstöðinni World Class og í íþróttahúsi KR.

Skólameistari er Oddný Hafberg og Ingibjörg Axelsdóttir aðstoðarskólameistari.





Námsframboð

Kvennaskólinn í Reykjavík er fjögurra ára bóknámsskóli til stúdentsprófs. Brautirnar eru þrjár: **Félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og málabraut.**

Námið á brautunum skiptist í **kjarna** sem allir taka, **kjörsvið** þar sem nemendur geta valið á milli nokkurra greina sem tengjast brautinni sem þeir eru á og svo **frjálst val** samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla 1999.

Í Kvennaskólanum er bekkjarkerfi og lögð er áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Í skólanum er þráðlaust tölvunetkerfi og fartölvur notaðar við kennslu í mörgum greinum. Einnig geta nemendur verið með sínar eigin fartölvur og tengst netinu með sérstökum netkortum.

Allir starfsmenn og nemendur hafa tölvunetföng við skólann og aðgang að innra neti. Þar setja kennarar inn upplýsingar um kennslugreinar sínar, ítarefni og verkefni.

Félagslíf: Nemendafélag Kvennaskólans heitir Keðjan og er yfir 80 ára gamalt. Ýmsar hefðir lífa í félagslífi nemenda svo sem eplaball og peysufatadagur. Busadagur, Tjarnardagar, mælskukeppni og dimission eru meðal þess sem nýrra er. Leikfélagið Fúría er sérstaklega virkt. Kór er einnig starfandi við skólann.

Annað: Inntökuskilyrði í Kvennaskólann eru samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins. Þau eru háð brautarvali nemandans. Þessa reglugerð er að finna á heimasíðu skólans. Skólinn er reyklus að því marki að ekki er reykt í húsnæði hans eða á skólalóðinni.

Vorið 1996 fékk skólinn viðurkenningu fjármálaráðuneytis, m.a. fyrir þjónustu við viðskiptavinum, hagræðingu og nýjungar.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans. Þar er m.a. að finna myndir úr skóla lífinu, verkefni úr samskiptum við erlenda skóla, skólaskýrsla, námsvísir og fjölmargt fleira.



Hvanneyri, 311 Borgarnes

Sími: 433 5000

Veffang: www.lbhi.is



Starfsmenntanám við Landbúnaðarháskóla Íslands

Námsleiðir í starfstengdu námi á framhaldsskólastigi við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) eru fimm, ein í búfræði og fjórar í garðyrkjutengdu námi:

- Búfræði
- Blómaskreytingar
- Garðyrkjuframleiðsla
- Skógur og umhverfi
- Skrudgarðyrkja

Nemendur sem koma í skólann þurfa að hafa lokið tveimur til fjórum önnum í framhaldsskóla, vera 18 ára eða eldri og hafa starfsreynslu í viðkomandi grein. Námið er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Búfræði

Námstími á búfræðibraut er tvö ár, þar af eru þrjú mánuðir í námsdvöl á bændabýli. Í búfræðinámi er lögð áhersla á að undirbúa nemendur undir störf í landbúnaði. Kennt er um jarðrækt, búfjárhald, rekstur og vélar auk þess sem nemendur kynnst öllum algengum sveitastörfum í verknáminu. Kennslan fer fram á Hvanneyri í Borgarfirði.

Garðyrkja

Á garðyrkjubrautum tekur námið tvö og hálf ár, bæði bóklegt og verklegt nám á viðurkenndum verknámsstað þar sem nemandur eru ráðnir í vinnu. Nemendur velja sér verknámsstað eftir því á hvaða braut þeir vilja stunda nám. Önnur kennsla fer fram á Reykjum í Ölfusi.

Kennsla í **blómaskreytingum** er að stórum hluta verkleg. Nemendur læra að gera blómaskreytingar fyrir öll tilefni og kynnst auk þess útstillingum, meðhöndlun á pottaplöntum og rekstri blómabúða.

Nám í **garðyrkjuframleiðslu** skiptist upp í ylræktarbraut og garð- og skógarplöntubraut á síðustu námsönn. Ylræktarnemar kynnst ræktun á grænmeti og blómum utandyra og í gróðurhúsum en nemandur á garð- og skógarplöntubraut læra um ræktun á garðblómum, trjám, runnum og skógarplöntum.

Námsleiðin **skógur og umhverfi** skiptist líka í tvær brautir á síðustu námsönn, annars vegar skógræktarbraut þar sem fjallað er sérstaklega um nýplöntun á skógi, umhirðu skóglendis og nýtingu skógarafurða og hins vegar umhverfisbraut þar sem fjallað er sérstaklega um meðferð lífrænna auðlinda, umhverfisáætlanir, útivistarsvæði og landvörslu.



Skrúðgarðyrkja er löggild iðngrein og þeir sem útskrifast öðlast rétt til að gangast undir sveinspróf. Markmið með náminu er að veita fræðslu um undirstöðuatriði í byggingu og umhirðu garða og opinna svæða.

Aðstaða og félagslíf

Heimavist er bæði á Hvanneyri og á Reykjum og fjölbreyttir kostir í íbúðarhúsnæði bjóðast fyrir þá nemendur sem stunda nám á Hvanneyri þar sem á undanförunum árum hefur risið skólaþorp með allri tilheyrandi aðstöðu og þjónustu. Skólafélag LBHÍ stendur fyrir fjölbreyttu félagslífi og í náminu eignast maður oft vini fyrir lífs-tíð.



Eyrarlandsvegi 28
IS 600 Akureyri
Sími: 455 1555
Bréfasími: 455 1556
Netfang: ma@ma.is
Veffang: www.ma.is



Menntaskólinn á Akureyri starfar undir kjörorðinu menntun-mannvirðing. Meginmarkmið skólans er að búa nemendur undir nám í háskóla, efla alhliða þroska og ábyrgðarkennd þeirra, auka þeim viðsýni og umburðarlyndi svo að þeir verði undir það búnir að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi í sífelldri þróun.

Menntaskólinn á Akureyri leggur áherslu á:

- að gefa áhugasömum nemendum alls staðar að af landinu tækifæri til þess að stunda nám í traustum heimavistarmenntaskóla með ríkar hefðir og öflugt félagslíf
- að vinna gegn brottfalli og stuðla að góðum námsárangri nemenda með því að veita þeim ráðgjöf og stuðning og með því að bjóða fram nám og kennslu sem eykur áhuga og hvetur til góðrar ástundunar
- að hafa á að skipa vel menntuðum kennurum með góða fag- og kennslufræðilega þekkingu
- að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem tillit er tekið til mismunandi eðlis námsgreina og mismunandi aðstæðna í námi
- að tengja upplýsingatækni námi og kennslu í öllum námsgreinum
- að tryggja endurmenntun starfsfólks og góða vinnuaðstöðu
- að stuðla að jákvæðum og hvetjandi samskiptum í skólanum

Menntaskólinn á Akureyri er fjölmennasti heimavistarmenntaskóli landsins. Í skólanum stunda nám um 660 nemendur, víða að af landinu. Við skólann er rekin heimavist sem rúmar um 330 nemendur beggja framhaldsskólanna á Akureyri. Nýir nemendagarðar voru teknir í notkun haustið 2003 og eru öll herbergi þar búin snyrtingu, örbylgjuofni, ísskáp, síma, sjónvarpi og tengingum fyrir tölvur og fjarskipti.

Námsárinu er skipt í tvær annir; haustönn er frá miðjum september til mánaðamóta janúar/febrúar og vorönn frá febrúar til júní. Stúdentar MA eru brautskráðir 17. júní ár hvert.



Námsbrautir

Félagsfræðibraut: Áherslan er á samfélagsgreinar. Kjörsviðsgreinar eru félagsfræði, fjölmiðlafræði, heimspeki, íslenska, saga, sálfræði, stærðfræði og uppeldisfræði.

Málabraut: Áherslan er á tungumál. Kjörsviðsgreinar eru enska, ferðamálafræði, fjölmiðlafræði, franska, íslenska, stærðfræði, spænska og þýska.

Náttúrufræðibraut: Áherslan er á raungreinar. Brautin greinist á þriðja ári í tvær línur. Kjörsviðsgreinar eðlisfræðilínu eru eðlisfræði, jarðfræði, stærðfræði og tölvufræði. Kjörsviðsgreinar náttúrufræðilínu eru eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.

Listnámsbraut með tónlistarkjörsviði er starfrækt í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri.

Almenn bóknámsbraut sem skiptist í:

Hraðbraut sem er ætluð nemendum sem hafa vilja og getu til að fara í framhaldsskóla eftir 9. bekk. Námefti 10. bekkjar og 1. árs í MA er samtvinnað og áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám. Gerð er krafa um ákveðna lágmarkseinkunn til að komast inn á brautina.

Stoðbraut er ný námsleið fyrir nemendur sem ekki ná tilskyldum námsárangri í 10. bekk til að innritast á bóknámsbrautir framhaldsskólanna en hafa áhuga á að bæta stöðu sína í bóknámi og vilja undirbúa sig vel fyrir nám í framhaldsskóla.

Sérstaða skólans felst í mörgu. Þar má nefna bekkjarkerfið og heimavistina sem skapa hvort um sig samstöðu og trygg kynni. Aðstaða nemenda til náms er mjög góð og áhersla er lögð á nemendavernd og að veita nemendum aðhald og stuðning svo að hver og einn fái sem best notið sín.

Huginn, skólafélag Menntaskólans á Akureyri, er kjölfestan í félagslífi nemenda en á vegum þess starfa fjölmörg félög og klúbbar, blandaður kór, íþróttafélag, leikfélag, tónlistarfélag, málfundafélag og þannig mætti lengi telja. Skólablað MA heitir Muninn og er einnig gefið út á vefnum, www.muninn.is.



Tjarnarbraut 25
700 Egilsstaðir
Sími: 471 2500
Bréfasími: 471 1676
Heimasíða: <http://www.me.is>
Netfang: skrifstofa@me.is
Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 8:00 – 16:00



Menntaskólinn á Egilsstöðum var stofnaður árið 1979. Skólinn starfar eftir áfangakerfi og nú stunda u.þ.b. 300 nemendur nám í dagskóla. Auk þess er nokkur fjöldi nemenda í utanskóla- og kvöldnámi. Haustið 2006 var tekinn í notkun annar áfangi kennsluhúss þar sem meðal annars er fyrirlestrasalur og nýtt tölvuver. Við skólann er heimavist fyrir um 115 nemendur og mötuneyti er sömuleiðis rekið í skólanum (opið virka daga).

Námsframboð

Í skólanum er boðið upp á **bóknámsbrautir**; félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Auk þess er lögð áhersla á öfluga **almenna námsbraut** fyrir nemendur sem ekki uppfylla inntökuskilyrði á bóknámsbrautir eða nemendur sem ekki hafa valið sér braut. Nemendur sem náð hafa mjög góðum árangri á grunnskólaprófi geta sótt um að innritaast í **hraðferð**. Þeim býðst að taka fleiri einingar á önn en öðrum nemendum auk námsferða til útlanda o.fl. Frá upphafi hefur verið öflug **íþróttabraut** við skólann en það er stutt námsbraut sem nemendur geta nýtt sem hluta af kjörsviði annarra brauta. Sömuleiðis er hægt að taka tveggja ára **listnámsbraut** þar sem nemendur geta valið um að taka myndlist og/eða textílhönnun. Aðstaða til náms á þessum styttri brautum er mjög góð. Í ME eru í boði starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur og nám í kvöldskóla s.s. skrifstofubraut, undirbúningsnám til stúdentsprófs og sjúkráliðanám (í samstarfi við VA).

Nemendapjónusta

Í ME er boðið upp á fjölbreytta þjónustu og stuðning við nemendur. Þannig er reynt að stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum og að nemendur nái árangri í námi. Innan nemendapjónustunnar starfa umsjónarkennarar, námsráðgjafar, félagsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sérkennari og forvarnarfulltrúi. Nemendapjónustan hefur útfært stuðningsúrræði fyrir nemendur sem til dæmis eiga við leshamlanir, ADHD, langvarandi veikindi eða sálfélagsleg vandamál að stríða. Öflugt umsjónarkerfi tryggir að vel er fylgst með skólasókn og námsárangri hvers nemanda og brugðist við ef þörf er talin á.

Sérstaða skólans

Menntaskólinn á Egilsstöðum er fremur lítill skóli og því verður samband nemenda og starfsfólks nánara en ella. Námsframboð skólans hefur verið tiltölulega mikið og enn meira vegna samstarfs framhaldsskólanna á Austurlandi í gegnum fjarkennslu.



Við skólann er starfrækt svokallað stoðtímakerfi. Þar gefst nemendum tækifæri til að fá einstaklingsbundna aðstoð við námið hjá kennurum. Nemendur ákveða sjálfir hvaða tíma þeir sækja og geta því sett saman sína eigin stundaskrá að hluta til. Þannig er reynt er að koma til móts við einstaklinga og skoða þarfir hvers og eins eftir mætti.

Félagslíf er öflugt í skólanum. Að jafnaði er sett upp eitt leikrit á skólaárinu og söngkeppni skólans, Barkinn, er fjölsóttur viðburður. Nemendur halda skemmtanir bæði 1. desember og þorrablót á vorönn. Þeir hafa góðan aðgang að íþróttamiðstöð sem er við hlið skólans og þar hefur íþróttafélag skólans til umráða fasta tíma. Nemendafélag stendur fyrir starfsemi klúbba, skipuleggur dansleiki og ýmsar uppákomur.

Áhersla er lögð á samskipti við skóla erlendis og er skólinn í reglulegum samskiptum við skóla í Trier í Þýskalandi. Nemendum í efri áföngum í þýsku býðst að fara til Þýskalands annað hvert ár. Auk þess hefur skólinn tekið þátt í nokkrum verkefnum á vegum Comeniusarsamstarfs Evrópusambandsins.





Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi, 400 Ísafirði

Sími: 450 4400

Netfang: mi@misa.is

Bréfasími: 450 4419

Veffang: www.misa.is



Menntaskólinn á Ísafirði (stofnaður 1970) býður upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Nú stunda á fjórða hundrað nemendur nám við skólann á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Jafnan er reynt að gæta þess að nám sem lokið er á einhverri braut skólans nýtist þótt skipt sé um námsbraut.

Sérstaða. Menntaskólinn á Ísafirði er staðsettur í fögru umhverfi í höfuðstað Vestfjarða. Skólinn er af heppilegri stærð þannig að nemendur hverfa ekki í fjöldann. Lögð er áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Skólinn er vel búinn tölvu- og í öllum skólanum er þráðlaust tölvukerfi. Sífellt fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu með samskiptakerfi á netinu er nefnist **Námshjálarnir**. Húsakynni skólans eru björt og rúmgóð og öll á einni lóð, þar á meðal nýlegt og vel búið verknámshús fyrir málmiðngreinar og vél-



stjórnarbraut. Bókasafnið er til fyrirmyndar með góðri lestrar- og tölvuaðstöðu. Einnig er góð aðstaða fyrir trúðngreinar og rafiðngreinar. Stórt og glæsilegt íþróttahús er fast við skólann. Falleg útivistarsvæði eru á næstu grösom og stutt er í skíðalandið.

Hefðir. Í mars er haldin sérstök lista- og menningarvika í umsjá nemenda skólans, nefnd **Sólrisuhátíð** og hefur verið fastur liður í menningarlífi bæjarins árlega síðan 1975. Leikhópur skólans setur upp leikrit í fullri lengd og útvarpsstöðin **MÍ-flugan** er rekin á Sólrisuhátíðinni. **Nýnemaferð** er farin að Hrafnseyri og Núpi í september.

Heimavist og mótuneyti eru sambyggð bóknáms- húsínu. Á heimavist eru 10 einstaklingsherbergi með sturtu og snyrtingu, þar af tvö sem geta verið tveggja manna og 24 einstaklingsherbergi með sameiginlegu baði og salerni fyrir hver sex herbergi. Við skólann er mjög gott mótuneyti sem er vel nýtt af nemendum og starfslíði skólans.

Nám í boði

Bóknám til stúdentsprófs:

Félagsfræðabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut

Annað bóknám:

Almenn námsbraut
Nýbúabraut

Sérdeild – Starfsbraut

Kvöldskóli - Dreifnám

Almennt meistaranám

Verknám:

Grunnám bíliðna
Grunnám rafvirkja
Grunnám bygginga-
og mannvirkjagreina
Grunnám málm-
iðngreina
Húsasmíðanám
Sammingsbundið
iðnnám

Vélstjórnarbraut 1. og 2. stig
Viðbótarnám til stúdentsprófs



Starfsnám:

Listnámsbraut (tónlistarkjörsvið)
Sjúkraliðabraut
Viðskiptabraut
Viðbótanám til stúdentsprófs



Íþróttir. Á Ísafirði er fjölbreytt íþróttarástæða. Skólinn er í mjög góðum samskiptum við golfklúbbinn, knattspyrnu- og körfuboltafélögin á svæðinu, sundfélagið, skíðafélagið og siglingaklúbbinn Sæfara. Við skólann er hægt að öðlast grunnþjálfarastig ÍSÍ. Skólinn býður sérstaklega upp á þjálfun **afreksíþrótt**a í samvinnu við Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ.

Kvöldskóli hefur verið starfræktur til margra ára þar sem í boði hefur verið nám sem tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni t.d. nýbúakennsla, almennt meistaranám fyrir iðnaðarmenn og nám fyrir starfsfólk í félagsþjónustu. Nú er boðið upp á **dreifnám** við skólann í tengslum við samskiptakerfið Námsskjáinn.

Menntaskólinn á aðild að Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem stendur fyrir námskeiðum og endurmenntun af ýmsum toga.

Félagslíf. Nemendafélagsstjórn (www.nmi.is) hefur umsjón með félagslífinu sem nýtur góðs af blómlegri menningarstarfsemi á Ísafirði, ekki hvað síst tónlist og leiklist. Á vegum nemendafélagsins starfa íþróttaráð og klúbbar. Ritstjórn stendur fyrir útgáfu skólablaðs. Leikrit er frumsýnt á **Sólríshátíð**. Þriðjabekkjarráð rekur verslun og stendur fyrir skemmtunum til fjáröflunar vegna útskriftarferða að loknu þriðja námsári. Nemendur standa fyrir sérstakri útskriftarhátíð með fjölskyldum sínum, starfsfólki skólans og afmælisárgöngum. Haldinn er sameiginlegur kvöldverður með dansleik á eftir.



Borgarbraut
310 Borgarnes
Sími: 437-0102
Netfang: menntaborg@menntaborg.is
Veffang: www.menntaborg.is

Menntaskóli Borgarfjarðar var formlega stofnaður 4. maí 2006 og þá var fyrsta skóflustungan tekin að skólabyggingunni. Við hönnun skólans hefur verið tekið mið af þörfum nemenda og nýbreytni í kennsluháttum. Mikið rými er ætlað til afnota fyrir nemendur skólans og allsstaðar er gert ráð fyrir notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Mötuneyti verður til staðar og gefst nemendum kostur á heitri máltíð í hádeginu. Hlýlegt viðmót og persónuleg þjónusta við nemendur er aðalsmerki skólans. Stefnt er að vígslu skólahússins við skólasetningu í ágúst 2007.

Námsbrautir

Haustið 2007 verða eftirfarandi námsbrautir í boði:

Félagsfræðabraut til stúdentsprófs

Náttúrufræðibraut til studentsprófs

Almenn braut fyrir nemendur sem þurfa frekari undirbúning fyrir nám á ofangreindum námsbrautum og nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn með námsbraut.

Sérstaða skólans

Notkun upplýsingartækni og dreifnáms einkennir skólann. Lögð er áhersla á verk-efnamiðað nám, lotubundið að hluta og leiðsagnarmat. Hin hefðbundnu lokapróf hverfa af sjónarsviðinu en í þeirra stað verða nemendur að standast lágmarkskröfur hvers áfanga meðan á vinnu stendur, eins og skýrt verður kveðið á um í áfanga-áætlun. Skólinn er áfangaskóli sem byggir jafnt á dreifnámi sem staðnámi.

Félagslíf

Mikil áhersla er lögð á gott og uppbyggjandi félagslíf við skólann. Í nýjum húsa-kynnum er gert ráð fyrir góðu rými fyrir nemendur og frjálsu aðgengi þeirra til að sinna sínum áhugamálum innan sem utan hefðbundins skólatíma.





ML Menntaskólinn að Laugarvatni

840 Laugarvatn – Árnessýslu – sími 486-1156 – fax 486-1286 – netfang ml@ml.is

NÁMSBRAUTIR ...

- **Félagsfræðibraut** - með sérstakri áherslu á félags-, uppeldis- og sálarfræði, traustur undirbúningur m.a. undir kennara-, félagsráðgjafa-, félagsvísinda-, laga- og viðskiptanám.
- **Málabraut** - með sérstakri áherslu á íslensku og erlend tungumál, góður undirbúningur m.a. undir háskólanám í hugvísindum, kennslufræðum, fjölmiðlun og ferðamálageinum.
- **Náttúrufræðibraut** - með sérstakri áherslu á stærðfræði og raungreinar, góður undirbúningur undir háskólanám m.a. í raunvísindum, verkfræði og heilbrigðisgreinum.

BEKKJAKERFI ...

- Sami bekkur frá upphafi til enda námsins, sem skapar góðan vinnuanda og betri og jafnari árangur, námsgreinum skipt í áfanga, stúdentsbrautir, 4 ára bóknám.
- Miðannarmat, símat og lokapróf í flestum greinum á hverri önn, fylgst með námsgengi hvers nemanda, umsjónarkennarar, góð aðstaða til náms, vel menntaðir kennarar, námsráðgjöf.

HEIMAVIST – ÞJÓNUSTA ...

- 1 og 2 manna herbergi á vel búnum vistum, mikið lagt upp úr góðri líðan, mannlegum samskiptum og góðum vinnu- og heimilisfríði. Þráðlaust net í skólahúsnæði og heimavist. Þvottahús og mótuneyti með hollum og heimilislegum mat.
- Læknisþjónusta, hraðbanki, verslun og ökuskóli, aðgangur að frábærri íþróttaaðstöðu og þátttöku í íþróttastarfi, gufubaði, vatnaleikjum, hestamennsku, gönguleiðum o.fl.





www.ml.is

STAÐURINN, AÐSTAÐAN OG FÉLAGSLÍFIÐ ...

Dvölin á Laugarvatni býður upp á fjölbreytt mannlíf í fögru umhverfi með jafnöldrum. Hér eru nokkrar svipmyndir úr leik og starfi:



Manngildi – þekking – atorka





Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar

Sími: 517 5040

Netfang: postur@hradbraut.is

Veffang: www.hradbraut.is



Menntaskólinn Hraðbraut er nýr og framsækinn valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur. Skólinn er ætlaður duglegu námsfólki sem er tilbúið að vinna markvisst að námi til stúdentsprófs á tveimur árum. Námsframboðið miðast við að undirbúa nemendur vel fyrir nám á háskólastigi.

Á skólaárinu 2005-2006 eru 140 nemendur við skólann en hann verður um 200 nemenda skóli fullsetinn.

Skólinn er til húsa að Faxafeni 10, í húsi Framtíðarinnar við Skeifuna.

Markmið stjórnenda:

1. Að reka besta framhaldsskóla landsins þar sem nemendur fá að nema og þroskast við verðug verkefni í andrúmslofti sem mótað er af gagnkvæmu trausti og virðingu nemenda, kennara og skólustjórnenda. Stuðlað er að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi og undir frekara nám eða störf í atvinnulífinu.
2. Að veita öguðum og námsfúsum nemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á skemmri tíma en kostur er í öðrum framhaldsskólum.
3. Að þjálfa nemendur í þekkingarleit, sjálfstæðum vinnubrögðum, gagnrýnni hugsun, félagsstarfi, mannlegum samskiptum og að auka ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda.
4. Að veita starfsfólki kost á að starfa við spennandi verkefni við bestu aðstæður.
5. Að reka menntastofnun með grundvallaratriði gæðastjórnunar að leiðarljósi.
6. Að kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta.
7. Að kenna nemendum árangursrik vinnubrögð og nýtingu tölvu- og upplýsingatækni við þekkingarleit.

Námsframboð

Námsframboð skólans miðast við stúdentspróf á tveimur námsbrautum, náttúrufræðibraut og málabraut.

Sérstaða

Skipulag skólans er með öðru móti en almennt gerist í skólum á framhaldsskólastigi. Skólinn sameinar kosti þeirra skólakerfa sem hafa verið ráðandi, þ.e. bekkjarakerfis og áfangakerfis. Eitt af einkennum skólans er að hann starfar á grundvelli bekkjarakerfis þannig að nemendur fylgja sama nemendahópnum frá upphafi skólaársins til enda. En skólinn er að því leyti byggður á áfangakerfi að námsárinu er skipt í lotur.



Í hverri lotu ljúka nemendur þremur þriggja eininga áföngum. Lotur eru sjö á fyrra skólaári og átta á því síðara.

Námið allt fer fram í 15 lotum sem hver er sem næst sex vikur að lengd. Kenndir eru þrjár þriggja eininga áfangar í senn. Hver lota er fjórar vikur í kennslu og síðan taka við próf sem taka eina viku. Að því loknu er frí í eina viku nema nemandi hafi ekki staðist próf. Nemendur ljúka því að jafnaði níu einingum í hverri lotu.

Kennslutími er þannig að kennt er þrjú daga í viku. Farið er hratt yfir námsefni og því brýnt að nemendur vinni samviskusamlega við nám sitt. Sérstök áhersla er lögð á að hafa allar kennslustundir nákvæmlega skipulagðar. Hver kennslustund er 60 mínútur.

Pá daga vikunnar sem ekki er skipulögð kennsla, hafa nemendur einnig mætingarskyldu. Pá vinna nemendur „heimavinnuna“ sína, þ.e. þá námsvinnu sem nemendur eiga að vinna á milli kennslustunda og nemendur annarra framhaldsskóla eiga að vinna heima hjá sér. Einnig býðst nemendum hjálp við heimanám þessa daga. Sú þjónusta er veitt af kennurum skólans.

Inntökureglur

Nemendur sem fá inngöngu í Menntaskólann Hraðbraut verða að hafa lokið grunnskólaprófi og hlotið 7,5 eða hærra meðaleinkunn á samræmdum lokaprófum í íslensku, ensku og stærðfræði. Skólinn skoðar umsóknir sem víkja frá þessu, sér í lagi ef skólaeinkunnir eru góðar. Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að fartölvu til nota í skólanum og við heimanám.

Félagslíf

Félagslíf er mikilvægt nemendum í öllum skólum. Því hefur verið lögð áhersla á að byggja upp kraftmikið nemendafélag innan skólans með virkri þátttöku nemenda í alls kyns félagsstarfi. Á stuttum starfstíma hafa nemendur skólans tekið þátt í öllum keppnum framhaldsskólanema svo sem Morfís, Gettu betur, stærðfræði-, knattspyrnu, Paintball- og hæfileikakeppni, svo eitthvað sé nefnt. Meðal nefnda, félaga og klúbba sem eru starfræktir innan veggja skólans eru skemmtinefnd, listafélag, málfundafélag, ritnefnd og vídeónefnd. Skólinn hvetur og styrkir nemendur eindregið til þátttöku í hvers kyns athöfnum sem stuðla að heilbrigðri og jákvæðri lífssýn.



v. Digranesvegi 51, 200 Kópavogi

Sími: 594 4000, fax 594 4001

Bréfasími: 594 4001

Veffang: www.mk.is



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
KÓPAVÖGUR GRAMMAR SCHOOL

Menntaskólinn í Kópavogi (MK) er menntaskóli í víðasta skilningi, skóli bóklegra og verklegra mennta. Stjórnendur og kennarar kappkosta að fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði kennslumála, svo sem námsefnisgerð, kennslugögnum og búnaði. Við skólann starfa vel menntaðir og metnaðarfullir kennarar og mikil áhersla er lögð á að bjóða nemendum fjölbreytta kennsluhætti.

Skólinn statar af glæsilegu kennsluhúsnæði, vel búnum bóknámsstofum og aðstaða til verklegrar kennslu er talin með því besta sem finnst í Evrópu, bæði hvað varðar tilraunastofur ætlaðar raungreinum og glæsilegar verknámsstofur fyrir matvælagreinar.

Í skólanum eru opin tölvuver, vel búið bókasafn, vistlegt mótuneyti og kaffibar. MK hefur ætíð kappkostað að veita nemendum sínum góða þjónustu og hvetjandi starfsumhverfi. Gerðar eru miklar kröfur til nemenda og áhersla lögð á góða mætingu, heimanám, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Félagslíf: Nemendafélag Menntaskólans í Kópavogi, www.nmk.is, heldur Tyllidaga og Myrkramesu þar sem hefðbundin kennsla er brotin upp og brugðin á leik. Innan félagsins eru margar nefndir starfandi, t.d. málfundafélagið Askur sem heldur málfundi reglulega og leikfélagið Sauðkindin sem sett hefur upp glæsilegar leiksýningar á undanförunum árum. Íþróttaráð sér um MK-deildina sem er ein stærsta knattspyrnukeppni utan KSÍ og heldur mót í hinum ýmsu íþróttagreinum s.s. blindrabolta og bandí. Liztafélag er starfrækt en það gefur t.d. út fréttapésa og heldur víðkunn ostakvöld. Ritnefnd gefur út skólablaðið Sinfjötla einu sinni á ári og skemmtinefnd sér um að halda skóladansleiki.

Sérstaða: Menntaskólinn í Kópavogi varð þrjátíu ára 22. september 2003. Hann er nú einn af stærstu skólum landsins og er námsframboð afar fjölbreytt. MK stendur framarlega á sviði upplýsingatækni í skólastarfi og lögð er áhersla á að nemendur hafi yfir fartölvu að ráða. Nemendur MK hafa aðgang að þráðlausu netkerfi skólans og helstu upplýsingakerfum netsins, auk þess sem allmargir áfangar eru byggðir upp sem fartölvuáfangar, t.d. í vinnuumhverfi WebCT. Nemendur MK eru almennt vel tölvulæsir og hafa því gott forskot sem nýttist þeim vel í atvinnulífinu.



Námsframboð

Bóknámssvið	Ferðamálasvið	Hótel- og matvælasvið
<p>Almenn braut I Tveggja anna nám til undirbúnings undir frekara nám í skólanum eða öðrum skólum. Ætlað nemendum sem ekki hafa staðist grunnskólapróf með fullnægjandi árangri.</p> <p>Almenn braut II Tveggja anna nám til undirbúnings undir frekara nám í skólanum eða öðrum skólum. Ætlað nemendum sem ekki hafa staðist grunnskólapróf með fullnægjandi árangri.</p> <p>Nám til stúdentsprófs Þrjár námsbrautir: félagsfræðibraut, málabraut og náttúrufræðibraut.</p> <p>Skrífstofubraut er stutt starfsnámsbraut en innan hennar er hægt að velja um tveggja anna grunnnám eða sjálfstætt tveggja anna framhaldsnám.</p>	<p>Ferðamálasvið – dagskóli MK er kjarnaskóli í ferðagreinum og býður upp á margþætt nám í ferðamálagreinum. Nemendur eiga kost á að velja ferðamálinu út frá málabraut í dagskóla og ljúka stúdentsprófi. Að öðru leyti fer námið fram á kvöldin.</p> <p>Ferðamálasvið – kvöldskóli Um er að ræða starfstengt ferðafræðinám eða starfstengt hótel- og gestamóttökunám. Auk þess er í boði alþjóðlegt nám í farbókun IATA UFTAA.</p>	<p>Skólinn er kjarnaskóli í matvælagreinum og býður jöfnum höndum upp á langt eða stutt nám í matvælagreinum.</p> <p>Lögbundið iðnnám í fjórum iðngreinum, ýmist þrjú eða fjögur ár, þar af þrjár annir í skóla: Bakstur – framreiðsla – kjötið – matreiðsla.</p> <p>Grunndeild matvælagreina, tveggja anna nám. Ætlað sem kynning á greinunum fjórum í lögbundnu iðnnámi matvælagreina og matartæknanámi.</p> <p>Matartæknaþraut. Um er að ræða fimm anna starfstengt nám einkum ætlað nemendum sem hyggja á störf í eldhúsum sjúkrahöfnanna eða í ýmiss konar mótuneytum.</p> <p>Heimilisþraut. Sniðin að þörfum þeirra nemenda sem notið hafa sérkennslu í grunnskóla og fengið námsmat samkvæmt 48. grein grunnskóla laga.</p> <p>Matsveinanám. Tveggja anna nám sem veitir réttindi til starfa við matseld í eldhúsum fiski- og flutningaskipa.</p> <p>Meistaraskóli matvælagreina. Þrjú anna nám til meistararéttinda í samningsbundnum iðngreinum: bakstri, framreiðslu, kjötið og matreiðslu.</p>

Menntaskólinn í Reykjavík

Lækjargötu 7
101 Reykjavík
Sími: 545 1900
Bréfsími: 545 1901
Netfang: mr@mr.is
Veffang: www.mr.is



Menntaskólinn í Reykjavík er fjögurra ára bekkjaskóli. Hverjum árgangi er skipt í bekki eftir námsbrautum og deildum, sem nemendur hafa valið sér.

Menntaskólinn í Reykjavík er hefðbundinn menntaskóli, þar sem kennt er á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Skólinn leggur áherslu á að haga menntun nemenda sinna þannig að þeir verði sem hæfastir til að stunda fræðilegt nám í háskóla og hljóta jafnframt trausta almenna menntun, sem komi þeim að gagni hvað sem við tekur að loknu stúdentsprófi. Skólinn leitast við að efla persónuþroska nemenda, kenna þeim að temja sér sjálfstæða, gagnrýna hugsun og sjálfstæð, öguð vinnubrögð.

3. bekkur

Við innritun í skólann velja nemendur um tvær meginnámsbrautir, málabraut og náttúrufræðibraut. Á öðru námsári er að auki valið um tvær leiðir á náttúrufræðibraut. Á þriðja námsári eru deildimar orðnar átta, á málabraut er um tvær nýmáladeildir og tvær fömmáladeildir að velja, en á náttúrufræðibraut eru tvær eðlisfræðideildir og tvær náttúrufræðideildir. Auk þess að velja námsbraut og deild velja nemendur þriðja erlenda tungumálið (frönsku, spænsku, þýsku) og í efri bekkjunum eru valgreinar.

Málabraut

Náttúrufræðibraut

Félagslíf í skólanum blómstrar og margar gamlar hefðir eru hafðar í heiðri. Á vegum skólans starfar öflugur skólakór. Nemendur sýna árlega leikrit á svonefndri Herranótt, sem er arfur frá Skálholtskóla. Skólafélagið sér um almenna félagsstarfsemi undir forystu inspector scholae. Málfundafélagið Framtíðin hefur starfað síðan 1883 og sér um reglulega málfundi o.fl. Á vegum beggja félaga er starfandi öflug útgáfa skólablaða. Einnig starfa mörg undirfélög, m.a. vísindafélag, myndbandsnefnd, tölvuakademía, listafélag og skákfélag.



4. bekkur

5. bekkur

6. bekkur

Málbraut

Formáladeild I

Formáladeild I

Formáladeild II

Formáladeild II

Nýmáladeild I

Nýmáladeild I

Nýmáladeild II

Nýmáladeild II

Náttúrufræðibraut I

Eðlisfræðideild I

Eðlisfræðideild I

Eðlisfræðideild II

Eðlisfræðideild II

Náttúrufræðideild I

Náttúrufræðideild I

Náttúrufræðibraut II

Náttúrufræðideild II

Náttúrufræðideild II



105 Reykjavík
Sími 595-5200
Fax 595-5250
Heimasíða: <http://www.mh.is/>
Skrifstofan er opin daglega kl. 8.30 -15:30



Um skólann

Menntaskólinn við Hamrahlíð er fjölmennur skóli með um 1100 nemendur í dag-skóla en auk þess er starfrækt öldungadeild. Aðstaða til náms og kennslu er góð enda er skólinn að hluta til í nýju húsnæði. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir háskólanám.

Markmið og leiðarljós

Markmið menntaskólans við Hamrahlíð er velgengi brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnýslu og rækt við menningu og listir. Ólíkar þarfir einstaklinga eru virtar og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð. Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.





Námsframboð

Í skólanum er boðið upp á breiða almenna menntun á þremur 140 eininga bók-námsbrautum; málabraut, náttúrufræðibraut og félagsfræðabraut.

Þeir nemendur sem stunda listdansnám, við viðurkennda listdanskóla á framhaldsskólastigi, geta lokið 132 eininga námi á listdansbraut til stúdentsprófs.

Ennfremur býður skólinn, einn skóla á Íslandi, IB-nám skv. sérstakri námskrá. Um er að ræða námsbraut til alþjóðlegs stúdentsprófs sem lýkur með International Baccalaureate Diploma.

Sérstaða

Sérstaða skólans felst einkum í fjölbreytni valáfanga, áherslu á listgreinar, skipu-lagðri stoðþjónustu við fatlaða og sérstakri námsbraut til alþjóðlegs stúdentsprófs. Af öðrum verkefnum má nefna að skólinn er miðstöð framhaldsskólakennslu í norsku- og sænsku, annast stöðupróf í bóklegum greinum framhaldsskóla og fóstrar Hamrahlíðarkórinn sem skipaður er fyrirverandi nemendum skólans.

Inntökureglur

Hver sá sem hefur löglega búsetu á Íslandi á möguleika á skólavist í Menntaskól-anum við Hamrahlíð að því gefnu að viðkomandi uppfylli inntökuskilyrði (sbr. reglu-gerð) á námsbrautir til stúdentsprófs eða sérstök skilyrði á námsbraut til alþjóðlegs stúdentsprófs Skólinn velur a.m.k. helming nemenda sinna á grundvelli röðunar eftir sömu einkunnum og skilgreina inntökuskilyrði. Við ákvörðun um skólavist annarra beitir skólinn viðtækara mati. Þar koma m.a. eftirfarandi atriði til álit: vitnisburður grunnskóla (eða annars framhaldsskóla) um ástundun, einkunnir í öðrum náms-greinum en þeim sem samræmd próf taka til, fjöldi umsókna á einstakar náms-brautir, möguleikar umsækjanda á samskonar námi nær heimili sínu, sérstakar einstaklingsbundnar aðstæður.

Félagslíf

Í skólanum er blómlegt félagslíf og standa nemendur fyrir ýmsum lista- og menn-ingarviðburðum. Félagslífið er fyrst og fremst innan vébanda Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð og hefur það sérstakt húsnæði innan skólans til afnota fyrir starfseminna. Meðal sérfélaga nemendafélagsins má nefna listafélag, málfundafélag, íþróttafélag, skemmtiráð og ritnefndir tveggja skólablaða.

Heimasíða

Skólinn heldur úti heimasíðunni www.mh.is með viðtækum upplýsingum um skól-ann og námið.

Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík
 Sími: 580 7300
 Bréfasími: 580 7301
 Netfang: ms@msund.is
 Veffang: www.msund.is
 Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 8.00 -16.00.



Aðeins það besta


Það er markmið skólans að bjóða nemendum aðeins það besta, góða menntun, góða þjónustu og fyrsta flokks nám. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að vera í fremstu röð hvað varðar náttúrufræðikennslu. Þessum markmiðum sínum ætlar skólinn að ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna, með því að leggja áherslu á góða kennslu og fjölbreytilega kennsluhætti, nýtingu upplýsinga-tækni í kennslu, góðan tækjakost, samvinnu við fyrirtæki og stofnanir og símenntun starfsmanna sinna.

Sérhæfður bóknámsskóli

Skólinn er sérhæfður bóknámsskóli með bekkjakerfi. Lögð er áhersla á að nýta sér kosti þess skipulags til þess að skapa gott aðhald fyrir nemendur og góðan vinnuanda. Lögð er rík áhersla á að þjóna vel þeim nemendum sem eru í skólanum, hvort sem þeir þurfa sérstaka námsaðstoð eða eru sérlega sterkir námsmenn. Lögð er áhersla á öfluga námsráðgjöf, skipulagða umsjón með nemendum, árangursríkt forvarnastarf og gott samstarf starfsmanna, nemenda og aðstandenda þeirra.

Í skólanum eru nú yfir 700 nemendur sem skiptast á þrjár bóknámsbrautir, félagsfræðibraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Nám á þessum brautum skiptist í kjarna, 98 einingar, kjörsvið, 30 einingar og frjálst val, 12 einingar.

Brauta- og kjörsviðsskipting





Á félagsfræðabraut velja nemendur á milli félagsfræðakjörsviðs, sem er með áherslu á félagsfræði og sögu og hagræðikjörsviðs, sem er með áherslu á hagræði og stærðfræði.

Á málabraut velja nemendur á milli latínukjörsviðs og hugvísindakjörsviðs. Á báðum kjörsviðum er viðbót í íslensku, ensku og 3. og 4. máli. Latína er einkennisgrein á latínukjörsviði en menningarsaga á hugvísindakjörsviði.

Á náttúrufræðibraut geta nemendur valið á milli líffræðikjörsviðs með áherslu á líffræði og efnafræði, umhverfiskjörsviðs með áherslu á vistfræði og umhverfisfræði eða eðlisfræðikjörsviðs þar sem lögð er áhersla á eðlisfræði og stærðfræði.

Þriggja ára nám til stúdentsprófs

Haustið 2004 mun skólinn fara af stað með þriggja ára nám til stúdentsprófs á náttúrufræðibraut. Þetta námsframboð er ætlað nemendum sem hafa getu og vilja til þess að stytta nám sitt til stúdentsprófs um eitt ár. Nemendur munu ljúka námi samkvæmt Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla.

Sjálfstætt kjörsviðsverkefni

Á lokaári vinna nemendur stórt sjálfstætt verkefni í einni af einkennisgreinum brautar sinnar. Markmiðið er að gera nemandann hæfari til að vinna sjálfstætt að rannsóknum og efla með honum sjálfstæði, gagnrýna hugsun og ályktunarhæfni.

Skólinn býður upp á:

- Nemendavænt umhverfi
- Fjölbreytta kennsluhætti og öflugt þróunarstarf
- Góðan starfsanda
- Góðan undirbúning fyrir háskólanám og faglega ráðgjöf
- Góðan og nútímalegan aðbúnað til náms og kennslu
- Alþjóðlegt samstarf nemenda og kennara
- Virkt sjálfsmat
- Aðstoð við nemendur með námsörðugleika
- Sjálfstæð vinnubrögð nemenda
- Öflugt félagslíf nemenda og virkt forvarnastarf

Félagslíf

Skólafélag Menntaskólans við Sund er nemendafélag skólans. Félagslíf við skólann hefur frá upphafi verið sérlega fjölbreytt og setja uppákomur eins og dansleikir, hæfileikakeppni, rökræðukeppni, spurningakeppni, söngvakeppni, íþróttastarf, tónleikar, ferðalög, upplestrar, kórastarf og leiklist mikinn svip á skólastarfið. Mjög góð aðstaða er fyrir tónleikahald, myndbandavinnslu og ljósmyndun svo dæmi séu tekin. Heimasiða Skólafélags Menntaskólans við Sund er: <http://www.belja.is>.

Mýrargötu 10
740 Fjarðabyggð
Sími: 477 1620
Bréfasími: 477 1852
Netfang: va@va.is
Veffang: www.va.is
Skrifstofan er opin frá kl. 8:00-16:00 alla daga nema föstud. frá kl. 8:00-15:00.



Markmið Verkefnitaskóla Austurlands (VA) er að tryggja nemendum góða námsaðstöðu, fjölbreytt námsframboð og persónulegan námsstuðning, svo búa megi þá sem best undir hið sibreytilega samfélag.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur séu í góðum tengslum við starfsfólk skólans og þeim líði vel í skólanum. Áhersla er lögð á samvinnu skóla og heimila. Námsráðgjöf, stuðningur og nemendaumsjón eru einnig meðal áhersluatriða skólans.

Við skólann er góð aðstaða til verklegrar kennslu, rúmgóð heimavist, vel menntað starfsfólk og nóg pláss handa öllum. Nemendur eru innan við 200 þar sem allir þekkja alla og enginn týnist í fjöldanum.

Heimavist skólans er með eins og tveggja manna herbergjum, einni tveggja herbergja íbúð auk mötuneytis. Á heimavistinni er mjög góð aðstaða fyrir hreyfihamlaða nemendur.

Félagslíf skólans er skipulagt af nemendaráði hans NIVA. Fastir liðir eru m.a. menningarferðir, þorablót, gönguferðir, dansleikir og íþróttaleikar.

Íþróttir og útivist er auðvelt að stunda t.d. í rúmgóðu íþróttahúsi, í skíðaparadísinni Oddskarði, í sundlauginni eða heilsuræktinni.

Símenntun VA leggur áherslu á að undirbúa alla undir að hefja nám við skólann með stuðningi og greiningu á námsþörfum, jafnframt því að vera vettvangur fyrir ýmsa endur- og símenntun. Aðstaða til háskólanáms er í myndkennsluveri skólans, þar sem áhersla er lögð á góða námsaðstöðu og þjónustu við nemendur. Þá einkennist sérstaða skólans ekki síst af samstarfi framhaldsskólanna á Austurlandi en þeir hafa um árabíl samkennt áfanga á milli skóla í þeim tilgangi að auka námsframboð.



Eftirtaldar námsbrautir eru í boði við skólann:

Almenn braut

Félagsfræðabraut

Náttúrufræðibraut

Grunndeild rafiðna

Bygginga- og mannvirkjagerð

Húsasmíði

Málmiðnabraut

Vélvirkjun

Hársnyrtibraut

Starfsbraut

Nám fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum

Vélstjórnarbraut 1. stig

Meistaránám, almennur hluti

Verkmenntaskóli Austurlands – vísar veginn





Eyrarlandsholti, 602 Akureyri
Sími: 464 0300
Bréfasími: 464 0301
Netfang: vma@vma.is
Veffang: <http://www.vma.is>
Skrifstofa skólans er opin 8:00-15:00.



Verkefnitaskólinn á Akureyri (VMA) er stærsti framhaldsskólinn utan höfuðborgarsvæðisins. Um 1200 nemendur stunda nám í dagskóla og um 2000 nemendur eru í skólanum þegar kvöldskóla- og fjarnámsnemendur eru taldir með.

Skólinn leggur áherslu á að bjóða öllum nemendum gott nám við hæfi. Þess vegna bjóðum við fjölbreytt verk nám og bóknám og leggjum áherslu á að þjóna vel bæði þeim nemendum sem standa vel og geta farið hratt yfir í náminu og hinum sem þurfa á stuðningi að halda. Skipulag og stærð skólans gera það að verkum að hægt er að bjóða nemendum upp á sveigjanleika þannig að þeir eiga auðveldara með að skipuleggja nám sitt út frá eigin stöðu og þörfum. Þó skólinn sé stór þá leggja starfsmenn metnað sinn í að veita nemendum stuðning og persónulega þjónustu.

Námsbrautir

Bóknámsbrautir

Nám til stúdentsprófs

- félagsfræðibraut
- náttúrufræðibraut
- viðskipta- og hagfræðibraut
- stúdentspróf að loknu starfsnámi

Listnámsbraut

- hönnunar- og textilkjörsvið
- myndlistarkjörsvið
- tónlistarkjörsvið
- listnámsbraut - stúdentspróf

Almenn námsbraut

Starfsnámsbrautir

Byggingagreinar

- grunndeild
- húsmíði
- húsgagnsmíði
- málaraiðn

Málmiðgreinar

- grunnnám málmiðgreina
- grunnnám bíliðna
- stálsmiði
- vélsmiði

Rafiðgreinar

- grunnnám
- rafvirkjun

Vélstjórnarbraut

- 1. stig - vélavörður
- 2. stig
- 3. stig
- 4. stig

Matvæla- og veitingagreinar

- grunnnám matvæla- og veitingagreina
- framreiðsla
- matreiðsla
- matartæknabraut

Annað starfsnám

- iþróttabraut
- sjúkraliðabraut
- viðskiptabraut

Starfsbraut fyrir fatlaða

Nemendur sem lokið hafa tveggja til þriggja ára starfsnámi eiga nú greiða leið í bóklegt nám til stúdentsprófs hafi þeir hug á því.



Aðstaða. Skólinn býður upp á frábæra aðstöðu til náms. Góð og vel búin verkstæði, frábær aðstaða til kennslu matvælagreina, nýjar og fullkomnar kennslustofur fyrir listnám og svo má áfram telja. Skólinn er búinn stóru og góðu bókasafni og ágætri aðstöðu fyrir alla bóklega kennslu.

Heimavist. Skólinn býður nemendum sínum aðgang að nýrri og vel búinni heimavist spölkorn frá skólanum.

Nemendafélag skólans, Þórduna, stendur fyrir öflugri félagslífi innan veggja skólans. Á vegum nemendafélagsins eru starfandi ýmsir klúbbar en auk þess stendur nemendafélagið fyrir ýmsum uppákomum á hverjum vetri. Þar ber hæst árshátíð VMA sem haldin er í lok menningardaga í skólanum.

Kvöldskóli/fjarkennsla. Verkmenntaskólinn heldur úti viðamikilli fjarkennslu fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Um 800 nemendur stunda nú nám í skólanum með þessum hætti. Í kvöldskóla er boðið upp á nám fyrir verðandi iðnmeistara en auk þess eru þar í boði fjöldi lengri og styttri námskeiða.

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans: www.vma.is





Verzlunarskóli Íslands hefur verið starfræktur frá árinu 1905 og brautskráð stúdenta frá árinu 1945. Boðið er upp á nám á 4 mismunandi námsbrautum, félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskiptabraut.

Nemendur innritast á ákveðna námsbraut. Námið á öllum brautum er eins fyrsta árið og gefst nemendum því kostur á að skipta um braut í lok fyrsta árs. Nemendur geta valið á milli frönsku, spænsku eða þýsku sem þriðja erlenda tungumál.

Félagsfræðabraut

Innan félagsfræðabrautar er alþjóðasvið, en þar er megináherslan lögð á alþjóðafræði, sögu, samfélagsgreinar og viðskiptagreinar. Á félagsfræðabraut er lögð áhersla á að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi, t.d. lögfræði, stjórnmálafræði og skyldum greinum.

Viðskiptabraut

Boðið er upp á tvö mismunandi svið; viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi.

Málabraut

Þar er lögð áhersla á tungumál, ensku, dönsku, frönsku, þýsku, spænsku og latínu. Hlutverk málabrautar er að búa nemendur undir mála- og hugvísindanám.

Náttúrufræðibraut

Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á þrjú mismunandi svið; eðlisfræði-, líffræði- og tölvusvið. Á eðlisfræðisviði er áhersla lögð á stærðfræði og eðlisfræði, á líffræðisviði er áhersla lögð á líffræði og efnafraði ásamt stærðfræði og á tölvusviði er megináherslan á stærðfræði og tölvugreinar. Einnig er lögð áhersla á að búa nemendur undir háskólanám sem byggir á góðri færni í viðkomandi greinum.

félagsfræðabraut

..... alþjóðasvið

náttúrufræðibraut

..... eðlisfræðisvið

..... líffræðisvið

..... tölvusvið

málabraut

viðskiptabraut

..... hagfræðisvið

..... viðskiptasvið

Alþjóðleg braut

kennð á ensku

NÝTT

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS 



Tölur yfir námsframboð á framhaldsskólastigi

Hér fara á eftir upplýsingar um fyrirhugað námsframboð á framhaldsskólastigi á skólaárinu 2007–2008. Í töfluformi má sjá hvaða námsbrautir eru í boði í hverjum skóla.

Skólarnir eru flokkaðir eftir landshlutum: Reykjavík, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland. Tekið er fram að upplýsingar um námsframboð eru gefnar með þeim fyrirvara að nám er fellt niður sé nemendafjöldi ekki nægur til þess að halda því uppi.

Nemendur eru hvattir til að snúa sér til viðkomandi skóla um frekari upplýsingar.

Reykjavík

Nám á framhaldsskólastigi

	Borgarhótelsskóli	Fjölbrautarsk. v. Armúla	Fjölbrautarsk. í Breiðholti	Hússtjórnarsk. í Reykjavík	Íshsk. í Reykjavík	Kvennask. í Reykjavík	Menntask. í Reykjavík	Menntask. í Reykjavík	Menntask. í Hamrahlíð	Fjölteknísk. v. Sund	Verzlunarsk. Íslands
Almenn námsbraut	x	x	x	x						x	
Alþjóðleg námsbraut (IB-nám)							x				
Félagsfræðabraut	x	x	x			x	x	x			x
Félagsliðabraut	x										
Handíðabraut			x								
Hjúkrunar- og móttökuritarabraut		x									
Hússtjórnarbraut				x							
Íþróttabraut			x								
Listnámsbraut	x		x	x			x				
Lyfjatæknibraut		x									
Læknaritarabraut		x									
Málabraut	x	x	x			x	x	x	x		x
Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum	x										
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	x										
Námsbraut fyrir nuddara		x									
Náttúrufræðibraut	x	x	x			x	x	x	x	x	x
Sjúkraliðabraut		x	x								
Skipstjórnarbraut										x	
Starfsbrautir	x	x	x	x							
Tanntæknánám		x									
Tölvufræðibraut				x							
Tækniteiknun				x							
Upplýsinga- og tækniabraut			x								
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	x	x		x							
Viðskiptabraut	x	x	x								x
Viðskipta- og hagfræðibraut		x	x					x			x
Vélstjórnarbraut										x	
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum og listnámsbraut	x	x	x	x			x			x	
Snyrtifræði			x								
Grunnnám bíliðna	x										
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina			x	x							

Reykjanes

Nám á framhaldsskólastigi

Fjölbrotask. Suðurnesja
Flensborgarsk. / Hafnarfirði
Íðnsk. / Hafnarfirði
Fjölbrotask. í Garðabæ
Menntask. í Kópavogi

Almenn námsbraut	x	x	x	x	x				
Ferðamálanám, starfsnám í ferðagreinum						x			
Félagsfræðabraut	x	x		x	x				
Flugþjónustubraut	x								
Listnámsbraut, hönnunargreinar			x						
Íþróttabraut	x	x		x					
Listnámsbraut	x			x	x				
Matartæknabraut					x				
Matsveinanám					x				
Málabraut	x	x		x	x				
Námsbraut f. leiðbeinendur í leikskólum	x								
Námsbraut f. stuðningsfulltrúa í grunnskólum	x								
Nám fyrir aðstoðarkokka					x				
Nám fyrir aðstoðarþjóna					x				
Námsbraut í kjötskurði					x				
Náttúrufræðibraut	x	x		x	x				
Netagerð	x								
Sjúkraliðabraut	x								
Viðskiptabraut/skrifstofubraut					x				
Skólaliðabraut	x								
Smurbrauðsnám					x				
Tækniteiknun			x						
Tölvufræðibraut	x								
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut, fjölmiðlatækni		x							
Útstillingabraut			x						
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum og listnámsbraut	x	x	x	x	x				
Vélstjórnarbraut	x								
Viðskiptabraut	x	x		x	x				
Viðskipta- og hagfræðibraut	x	x		x	x				
Grunnnám bíliðna	x		x						

Vesturland

Nám á framhaldsskólastigi

Lbh, Hvanneyri, bændæðið
Fjölbrotask. Vesturlands, AK.
Fjölbrotaskóli Snaresellinga
Menntaskóli Borgarfjarðar

Almenn námsbraut		x	x	x						
Búfræðinám	x									
Félagsfræðibraut		x	x	x						
Félagsmála- og tólmundabraut		x								
Garðyrkjunám	x									
Grasvallabraut		x								
Íþróttabraut		x								
Listnámsbraut (tónlist)		x								
Málabraut		x	x							
Náttúrufræðibraut		x	x	x						
Sjúkraliðabraut		x								
Stóriðjubraut		x								
Tölvufræðibraut		x	x							
Viðskiptabraut		x	x							
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum og listnámsbraut		x	x							
Grunnnám bílgreina		x								
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		x								
Grunnnám málmíðngreina		x								
Grunnnám rafiðngreina		x								
Húsasmíði		x								
Rafeindavirkjun		x								
Rafveituvirkjun										
Rafvirkjun		x								
Viðskipta- og hagfræðibraut		x								
Vélvirkjun		x								
Starfsbraut		x	x							
Heimavist	x	x								

Norðurland

Nám á framhaldsskólastigi

Hólastólji
Fjölbresk. Norðurl. v. Sauðbákr.
Væðmerntask. á Akureyri
Menntask. á Akureyri
Framhaldssk. á Húsvík
Framhaldssk. á Laugum

Almenn námsbraut		x	x	x	x	x				
Ferðamálabraut	x									
Félagsfræðabraut		x	x	x	x	x				
Félagsliðabraut					x					
Fiskeldisbraut	x									
Hrossaræktarbraut	x									
Íþróttabraut		x	x			x				
Listnámsbraut			x	x						
Málabraut		x		x						
Matartæknabraut			x							
Námsbraut fyrir aðstoðarkokka			x							
Námsbraut f. leiðbeinendur í leikskólum			x		x					
Námsbraut f. stuðningsfulltrúa í grunnskólum			x		x					
Námsbraut fyrir aðstoðarþjóna			x							
Náttúrufræðibraut		x	x	x	x	x				
Sjúkraliðabraut		x	x		x					
Skólaliðabraut					x					
Viðskiptabraut		x	x		x					
Viðskipta- og hagfræðibraut			x							
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum og listnámsbraut		x	x	x	x	x				
Grunnnám bílgreina		x	x							
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		x	x							
Grunnnám matvæla- og veitingagr.			x							
Grunnnám málmíðngreina		x	x							
Grunnnám rafíðngreina		x	x							
Bifvélavirkjun			x							
Framreiðsla			x							
Húsasmíði		x	x							
Húsgagnasmíði			x							
Kjötiðn			x							
Matreiðsla			x							
Málaraiðn			x							

Austurland

Nám á framhaldsskólastigi

Hússtjórnarsk. Hálförstöð
Menntask. á Egilsstöðum
Vekmenntask. Austurl. Neskaupst.
Framhaldssk. A-Skattafellssýslu

Almenn námsbraut		x	x	x					
Ferðamálanám									
Félagsfræðabraut		x	x	x					
Félagsliðabraut		x							
Félagsmála- og tólmundabraut		x							
Hússtjórnarbraut	x								
Íþróttabraut		x							
Listnámsbraut		x							
Málabraut		x		x					
Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum		x	x						
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum		x	x						
Náttúrufræðibraut		x	x	x					
Skipstjórnarbraut				x					
Sjúkraliðabraut			x						
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut									
Vélstjórnarbraut			x	x					
Viðskiptabraut		x							
Viðskipta- og hagfræðibraut		x							
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum og listnámsbraut		x	x	x					
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina			x						
Grunnnám málmíðngreina			x						
Grunnnám rafiðngreina			x						
Hársnyrtibraut			x						
Húsasmíði			x						
Vélvirkjun			x						
Starfsbraut		x		x					
Heimavist	x	x	x	x					

Suðurland

Nám á framhaldsskólastigi

Fjölbrotask. Suðurlands, Self.
Framhaldssk. Vestmannaeyjum
Menntask. á Laugavatni

Almenn námsbraut	x	x						
Félagsfræðibraut	x	x	x					
Félagsliðabraut								
Félagsmála- og tómstundabraut		x						
Ferðamálanám								
Garðyrkjunám								
Hússtjórnarbraut								
Íþróttabraut	x		x					
Listnámsbraut	x							
Málabraut	x	x	x					
Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum								
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum								
Náttúrufræðibraut	x	x	x					
Sjúkraliðabraut	x	x						
Skipstjórnarbraut		x						
Skólaliðabraut								
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	x							
Vélstjórnarbraut		x						
Viðskiptabraut	x	x						
Viðskipta- og hagfræðibraut	x	x						
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbraut og listnámsbraut	x	x	x					
Grunnnám bíliðna	x							
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	x	x						
Grunnnám rafiðngreina	x	x						
Grunnnám málmíðngreina	x	x						
Húsasmíði	x	x						
Múraraíðn								
Pípulagnir								
Söðlasmiði	x							
Vélvirkjun	x	x						
Starfsbraut	x	x						
Heimavist	x	x	x					

Upplýsingar um skóla

	Sími
Borgarholtsskóli við Mosaveg 112 Reykjavík. Bréfasími: 535 1701, Netfang: bhs@ismennt.is, veffang: www.bhs.is	535 1700
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki 550 Sauðárkróki. Bréfasími: 455 8099 Netfang: fnv@fnv.is, veffang: www.fnv.is	455 8000
Fjölbrautaskóli Snæfellinga Grundargötu 44, 350 Grundarfirði Bréfasími, 430 8401, netfang: gudbjorg@fsn.is, veffang: www.fsn.is	430 8400
Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, Tryggvagötu 25 800 Selfossi. Bréfasími: 480 8188 Netfang: fsu@fsu.is, veffang: www.fsu.is	480 8100
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 230 Reykjanesbær. Bréfasími: 421 3107 Netfang: fss@fss.is, veffang: www.fss.is	421 3100
Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi, Vogabraut 5 300 Akranesi. Bréfasími: 431 2046 Netfang: skrifstofa@fva.is, veffang: www.fva.is	433 2500
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5 111 Reykjavík. Bréfasími: 567 0389 Netfang: fb@fb.is, veffang: www.fb.is	570 5600
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ við Skólabraut 210 Garðabæ. Bréfasími: 565 1957 Netfang: fg@fg.is, veffang: www.fg.is	520 1600
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12 108 Reykjavík. Bréfasími: 568 0335 Netfang: skrifstofa@fa.is, veffang: www.fa.is	581 4022
Fjöltækniskóli Íslands, við Háteigsveg 105 Reykjavík. Bréfasími: 522 3301 Netfang: fti@fti.is, veffang: www.fti.is	522 3300
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði 220 Hafnarfirði. Bréfasími: 565 0491 Netfang: flensborg@flensborg.is, veffang: www.flensborg.is	565 0400
Framhaldsskólinn á Húsavík 640 Húsavík. Bréfasími: 464 1638, Netfang: fsh@fsh.is, veffang: www.fsh.is	464 1344
Framhaldsskólinn á Laugum 650 Laugar. Bréfasími: 464 3163, Netfang: laugar@laugar.is, veffang: www.laugar.is	464 6300



Framhaldsskólinn í A.-Skaftafellssýslu, Nýheimum 780 Höfn. Bréfasími: 470 8071 470 8070 Netfang: fas@fas.is, veffang: www.fas.is
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, pósthólf 160 900 Vestmannaeyjum. Bréfasími: 488 1071 488 1070 Netfang: fiv@fiv.is, veffang: www.fiv.is
Háskóli Íslands v. Suðurgötu 101 Reykjavík. Bréfasími: 552 1331 525 4000 Netfang: askoli-islands@hi.is, veffang: www.hi.is
Háskólinn á Akureyri, Sólborg 602 Akureyri. Bréfasími: 463 0999 463 0900 Netfang: askolinn@unak.is, veffang: www.unak.is
Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2 103 Reykjavík. Bréfasími: 510 6201 510 6200 Netfang: ru@ru.is, veffang: www.ru.is
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12 101 Reykjavík 551 1578 Netfang: husvik@centrum.is, veffang: www.husstjornarskolinn.is
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað 707 Hallormsstað. 471 1761 Netfang: hushall@ismennt.is, veffang: www.hushall.is
Iðnskólinn í Hafnarfirði, Flatahrauni 12 220 Hafnarfirði. Bréfasími: 565 3601 585 3600 Netfang: ih@idnskolinn.is, veffang: www.idnskolinn.is
Iðnskólinn í Reykjavík, Skólavörðuholti 101 Reykjavík. Bréfasími: 522 6501 522 6500 Netfang: ir@ir.is, veffang: www.ir.is/
Kennaraháskóli Íslands v. Stakkahlíð 105 Reykjavík. Bréfasími: 563 3833 563 3800 Netfang: khi@khi.is, veffang: www.khi.is
– Grunnskólaskor v. Stakkahlíð 105 Reykjavík. Bréfasími: 563 3833 563 3800
– Leikskólaskor v. Leirulæk 104 Reykjavík. Bréfasími: 581 3866 581 3866
– Íþróttaskor Laugarvatni 840 Laugarvatn. Bréfasími: 486 1292 486 1110
– Proskapjálaskor, Skipholti 31 105 Reykjavík. Bréfasími: 581 4390 581 4390
Kvennaskólinn í Reykjavík, menntaskóli, Fríkirkjuvegi 9, 101 Reykjavík. Bréfasími: 552 5682, 580 7600 Netfang: kvennaskolinn@kvenno.is, veffang: www.kvenno.is

Kvikmyndaskóli Íslands, Laugarvegi 176
105 Reykjavík. Bréfasími: 533 3308 533 3309
Netfang: kvikmyndaskoli@kvikmyndaskoli.is, veffang: kvikmyndaskili.is/

Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
311 Borgarnesi. Bréfasími: 433 5001 433 5000
Netfang: lbhi@lbhi.is, veffang: www.lbhi.is

Listaháskóli Íslands, aðalskrifstofa, Skipholti 1,
105 Reykjavík. Bréfasími: 562 3629, 552 4000
Netfang: lhi@lhi.is, veffang: www.lhi.is
– myndlistardeild, Skipholti 1, 552 4000
– myndlistardeild, Laugarnesvegi 91 520 2400
– leiklistardeild, Sölvhólgötu 13. Bréfasími: 561 6314 552 5020
– Opni listaháskólinn, Skipholti 1 551 9811
– Nemendaleikhús, Sölvhólgötu 13 552 1971

Menntaskóli Borgarfjarðar
Borgarbraut
310 Borgarnesi 437 0102
Netfang: menntaborg@menntaborg.is
veffang: www.menntaborg.is

Menntaskólinn að Laugarvatni
840 Laugarvatni. Bréfasími: 486 1286 486 1156
Netfang: ml@ml.is, veffang: www.ml.is

Menntaskólinn á Akureyri, Eyrarlandsvegi 28
600 Akureyri. Bréfasími: 455 1556 455 1555
Netfang: ma@ma.is, veffang: www.ma.is

Menntaskólinn á Egilsstöðum
700 Egilsstöðum. Bréfasími: 471 1676 471 2500
Netfang: meskrif@me.is, veffang: veffang: www.me.is

Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi
400 Ísafirði. Bréfasími: 450 4419 450 4400
Netfang: mi@fvi.is, veffang: www.fvi.is

Menntaskólinn Hraðbraut 517 5040
Netfang: postur@hradbraut.is, veffang: www.hradbraut.is

Menntaskólinn í Kópavogi v. Digranesveg
200 Kópavogi. Bréfasími: 594 4001 594 4000
Netfang: mk@mk.is, veffang: www.mk.ismennt.is

Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7
101 Reykjavík. Bréfasími: 545 1901 545 1900
Netfang: mr@mr.is, veffang: www.mr.is

Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
105 Reykjavík. Bréfasími: 595 5250 595 5200
Netfang: mh@mh.is, veffang: www.mh.is



Menntaskólinn við Sund, Gnoðarvogi 49
104 Reykjavík. Bréfasími: 580 7301 580 7300
Netfang: ms@msund.is, veffang: www.msund.is

Myndlistaskólinn á Akureyri, Kaupvangsstræti 16
600 Akureyri. Bréfasími: 461 2398, netfang: info@myndak.is . . . 462 4958

Myndlistaskólinn í Reykjavík
Hringbraut 121, 107 Reykjavík 551 1990
Netfang: mynd@myndlistaskolinn.is, veffang: www.myndlistaskolinn.is

Tónlistarskólinn í Reykjavík, Skipholti 33,
105 Reykjavík. Bréfasími: 553 9240 5530625/568 5037
Netfang: tono@ismennt.is, veffang: www.tono.is

Verkmenntaskóli Austurlands, Mýrargötu 10
740 Neskaupstað. Bréfasími: 477 1852 477 1620
Netfang: va@va.is, veffang: www.va.is

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Hringteigi 2
600 Akureyri. Bréfasími: 464 0301 464 0300
Netfang: vma@vma.is, veffang: www.vma.is

Verzlunarskóli Íslands, Ofanleiti 1
108 Reykjavík. Bréfasími: 590 0601/590 602 590 0600
Netfang: verslo@verslo.is, veffang: www.verslo.is

Viðskiptaháskólinn Bifröst, Norðurárdal
311 Borgarnesi. Bréfasími: 435 0020 433 3000
Netfang: samvinnuhaskolinn@bifrost.is, veffang: www.bifrost.is

Viðauki

Reglugerð nr. 98/2000

um innritun nemenda í framhaldsskóla með síðari breytingum.

1. gr.

Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Hér er kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist vegna inntöku nemenda á tiltekna námsbrautir framhaldsskóla. Inntökuskilyrði skulu stuðla að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Inntökuskilyrði miðast við námsárangur á samræmdum loka-prófum og við skólaeinkunnir við lok grunnskóla eftir því sem við á.

2. gr.

Nemendur, sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, og einnig samræmdum lokaprófum a. m. k. í íslensku og stærðfræði, geta innritast á brautir framhaldsskóla, svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í tilteknum námsgreinum, sbr. 3., 4. og 5. gr., enda fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum: Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í hvorri áðurnefndra námsgreina sé að lágmarki 5,0 og auk þess má einkunn á samræmdu prófi ekki vera lægri en 4,5 í hvorri þessara námsgreina, sjá þó ákvæði 3. gr. hvað varðar lágmarkseinkunnir til inntöku á bóknámsbrautir. Sjá 6. gr. varðandi nemendur sem ekki uppfylla skilyrði þessarar greinar.

3. gr.

Til að hefja nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla þurfa nemendur að þreyta a. m. k. fjögur samræmd próf, þ. e. í íslensku og stærðfræði, sbr. 2. gr., og tvö próf til viðbótar, sbr. a-, b-, c- eða d-lið þessarar greinar:

- a) Til að hefja nám á málabraut skulu nemendur hafa þeytt samræmd loka-próf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í íslensku, dönsku og ensku skal vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Um lágmarksárangur í stærðfræði gilda ákvæði 2. gr.
- b) Til að hefja nám á félagsfræðabraut skulu nemendur hafa þeytt samræmd lokapróf í íslensku, ensku, samfélagsgreinum og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunn-



skóla í íslensku, ensku og samfélagsgreinum skal vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Um lágmarksárangur í stærðfræði gilda ákvæði 2. gr.

- c) Til að hefja nám á náttúrufræðabraut skulu nemendur hafa þreytt samræmd lokapróf í íslensku, ensku, stærðfræði og náttúrufræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði skal vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Um lágmarksárangur í ensku gilda sömu ákvæði og tilgreind eru í 2. gr. fyrir íslensku og stærðfræði.
- d) Til að hefja nám á viðskipta- og hagfræðibraut skulu nemendur hafa þreytt samræmd lokapróf í íslensku, ensku, stærðfræði og einni grein að auki. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla í íslensku, ensku og stærðfræði skal vera 6,0 að lágmarki í hverri námsgrein og auk þess verður einkunn á samræmdu lokaprófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara námsgreina. Um lágmarksárangur í fjórðu greininni gilda sömu ákvæði og tilgreind eru í 2. gr. fyrir íslensku og stærðfræði.

4. gr.

Skólameistara er heimilt að setja skilyrði í skólanámskrá til viðbótar því sem segir í 2. gr. til inngöngu á starfsnámsbrautir. Slík skilyrði skulu miðast við frammistöðu nemenda í verk- og listgreinum í grunnskóla og/eða aðra þætti sem benda til þess að nemendur geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi.

5. gr.

Til að hefja nám á listnámsbraut þurfa nemendur að fullnægja ákvæðum 2. gr. og hafa auk þess lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti þeim.

6. gr.

Nemendur sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar til inntöku á einstakar námsbrautir samkvæmt 2., 3., 4. eða 5. gr., eiga kost á að hefja nám á almennri námsbraut eða í sérdeildum. Að fullnægðum tilteknum skilyrðum um námsárangur að mati skólameistara viðtökuskóla geta þeir síðan haldið áfram námi á öðrum brautum framhaldsskóla.

7. gr.

Nemendur sem fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt reglugerð þessari hafa forgang að innritun á viðkomandi námsbraut.

Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla inntökuskilyrði brautar að fullu að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur.

8. gr.

Skólameistara er heimilt, skv. 15. gr. laga um framhaldsskóla, að veita nemendum, sem hafa náð 18 ára aldri, inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

9. gr.

Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð skólameistara, sem samþykkir eða synjar umsókum um skólavist. Synji skólameistari umsókn á umsækjandi rétt á rökstuðningi hans fyrir þeirri ákvörðun.

Menntamálaráðuneytið ákveður fyrirkomulag innritunar í framhaldsskóla og gefur út leiðbeiningar til umsækjenda um frágang umsókna. Menntamálaráðuneytið auglýsir umsóknarfrest um skólavist í framhaldsskólum árlega. Til að umsóknir um skólavist teljist gildar verður að skila þeim áður en umsóknarfrestur rennur út. Við mat á umsóknum ber skólameistara að taka mið af inntökuskilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgja að öðru leyti almennum hlutlægum reglum þannig að samræmis og jafnræðis sé gætt milli umsækjenda sem uppfylla sambærileg skilyrði. Ákvörðun skólameistara um inntöku nemenda í skólann úr hópi þeirra sem ekki njóta forgangsréttar samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar ber að byggja á málefnanlegum sjónarmiðum.

Nú getur skólameistari ekki orðið við umsókn um skólavist og ber honum þá að sjá til þess að umsókn sé framsend tímanlega til þess skóla sem sótt er um til vara.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og gildir um innritun í framhaldsskóla fyrir skólaárið 2001–2002. Þar eð námskrá grunnskóla sem tók gildi 1. júní 1999 verður þá ekki komin að fullu til framkvæmda verður þessi reglugerð endurskoðuð áður en kemur að innritun vegna skólaársins 2002–2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan ekki eru haldin samræmd lokapróf í samfélagsgreinum og náttúrufræði miðast ákvæði 3. gr., b- og c-liðar við skólaeinkunn við lok grunnskóla eingöngu.

Menntamálaráðuneytinu, 13. febrúar 2007.



Reglugerð um námsstyrki

nr. 692/2003 með síðari breytingum (nr. 760/2004 og 829/2006)

1. gr.

Almenn skilyrði

Nemendur á framhaldsskólastigi, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

a. Nemandi stundar reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, enda sé um að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem fellur undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.

b. Nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum jafngildum dvalarstað.

c. Nemandi nýtir ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða nýtur hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

Hámarksaðstoðartími er fimm ár eða 10 annir.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a. Reglubundið nám. Nemandi telst stunda reglubundið nám hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi skóla eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði. Heimilt er að miða við sex einingar ef um lokaönn er að ræða og nemandi hefur lokið a.m.k. 12 einingum á undangenginni önn.

b. Sambærilegt nám. Við mat á því hvort sambærilegt framhaldsskólanám verður stundað í heimabyggð eða ekki ræður eigið mat umsækjanda á eðli og gæðum skóla eða einstakra námsáfanga.

c. Fjölskylda. Með hugtakinu fjölskylda er átt við foreldra nemanda, sé þeim til að dreifa - nánar tiltekið kynforeldra, stjúpfóreltra, fósturfóreltra eða kjörfóreltra, en ella ömmur og afa nemanda; maka samkvæmt hjúskap aðila, maka samkvæmt staðfestri samvist eða maka samkvæmt skráðri sambúð í þjóðskrá, hafi skráningin varað lengur en eitt ár; svo og börn nemanda, þ.m.t. kynbörn, stjúpbörn, fósturbörn eða kjörbörn.

d. Dvalarstyrkur. Dvalarstyrkur samanstendur af ferðastyrk til og frá námsstað við upphaf og lok námsannar, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk.

e. Styrkur til skólaaksturs. Styrkur til skólaaksturs samkvæmt 6. gr. er ferðastyrkur sem úthlutað er til umsækjenda sem ekki njóta dvalarstyrks samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar.



3. gr.

Námsstyrkjanefnd og LÍN

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemenda að jafnaði einu sinni á ári. Umsækjandi skal skila umsókn til nefndarinnar á því formi er námsstyrkjanefnd ákveður.

Nefndin auglýsir eftir umsóknum fyrir 1. september ár hvert og skulu umsóknir vegna haustannar hafa borist nefndinni fyrir 15. október sama ár. Nefndin skal auglýsa eftir umsóknum vegna vor- og sumarannar fyrir 1. janúar ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 15. febrúar sama ár. Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita umsókn viðtöku eftir auglýstan umsóknarfrest og skerða þá styrkinn um einn hundraðshluta fyrir hvern dag fram yfir frest dag, þó að hámarki um 30 hundraðshluta samtals. Berist umsókn meira en 30 dögum eftir auglýstan umsóknarfrest skal hún tekin til afgreiðslu með umsóknum næstu annar og mögulegur styrkur koma til útborgunar í lok þeirrar annar. Nefndinni er óheimilt að taka við umsókn sem berst meira en fjórum mánuðum eftir auglýstan umsóknarfrest.

Námsstyrkjanefnd hefur starfsstöð í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og annast sjóðurinn alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki, sér um úrvinnslu þeirra, leitar eftir upplýsingum frá skólum um hvort nemandi teljist hafa stundað reglubundið nám, sbr. 2. gr., og annast útborgun námsstyrkja.

Til staðfestingar á því að nemandi stundi reglubundið nám á framhaldsskólastigi ber viðkomandi framhaldsskóla, að ósk námsstyrkjanefndar, að láta nefndinni í té upplýsingar þar að lútandi áður en útborgun námsstyrkja fer fram.

Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi og við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 10. janúar, 10. júní og 1. september ár hvert. Almenn skilyrði útborgunar eru að skóli hafi staðfest námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar, í lok vorannar og lok sumarannar. Sérstök skilyrði fyrir útborgun námsstyrks vegna sumarannar eru að nemandi hafi ekki nýtt sér rétt til að sækja um námsstyrk á næstliðinni haust- eða vorönn.

Athugasemdir við niðurstöður námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar.

4. gr.

Dvalarstyrkir

Skilyrði fyrir veitingu dvalarstyrks er að:

a. Nemandi stundi reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sbr. a-lið 2. gr.

b. Nemandi geti ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu, sbr. skilgreiningu í b-lið 2. gr.

c. Nemandi verði að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili og fjarri fjölskyldu vegna námsins. Heimilt er að veita dvalarstyrk þótt fjarlægð skv. 1. máls. sé styttri en 30 km, ef samgöngur til og frá skóla eru nemandi sérstaklega erfiðar m.a. með tilliti til veðráttu og ástands vega eða vegna skorts á almenningsamgöngum.

5. gr.

Upphæð dvalarstyrks.

Fullur dvalarstyrkur nær til ferðastyrks, fæðisstyrks og húsnæðisstyrks. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð fulls dvalarstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

Nemandi þarf að leggja fram staðfestingu skóla á greiðslu fyrir dvöl á heimavist eða í sambærilegu húsnæði á vegum skóla eða staðfestingu fyrir greiðslu á húsaleigu til að fá fullan dvalarstyrk.

Greiði nemandi ekki húsaleigu nemur mögulegur dvalarstyrkur sömu upphæð og styrkur vegna skólaaksturs, sbr. 6. gr.

6. gr.

Styrkir vegna skólaaksturs

Þeir nemendur sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla geta átt rétt á styrk vegna skólaaksturs. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð akstursstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til skólaaksturs á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

Styrkir vegna skólaaksturs skulu renna beint til nemenda enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

a. sækja skóla frá lögheimili sínu og fjölskyldu,

b. lögheimili er ekki í nágrenni skóla, sbr. yfirlit á fylgiskjali yfir staði, sem teljast í nágrenni skóla í þessu samhengi.

Til viðbótar akstursstyrk til nemenda er námsstyrkjanefnd heimilt að styðja þá skóla sem skipuleggja daglegan akstur fyrir nemendur sína. Upphæð þessi skal samsvara allt að 15% af fullum akstursstyrk fyrir hvern nemanda.

7. gr.

Sérstakur styrkur vegna efnalítilla nemenda

Samþykki námsstyrkjanefnd að auglýsa eftir umsóknum um veitingu sérstaks styrks vegna efnalítilla nemenda, ákvarðar nefndin upphæð styrksins með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til sérstakra styrkja á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga um námsstyrki nr. 79/2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 576/2002 með síðari breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 15. september 2003.



Skrá yfir löggiltar iðngreinar sbr. reglugerð nr. 940/1999

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka sem hér segir:

<i>Bygginga- og mannvirkjagreinar.</i>	<i>Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar</i>
húsasmíði	blikksmíði
húsgagnabólstrun	flugvélavirkjun
húsgagnasmíði	málmsteypa
málaraiðn	mótasmíði
múraraíðn	netagerð
pípulagnir	rennismíði
veggfóðrun	skipa- og bátasmíði
	stálsmíði
<i>Farartækja- og flutningsgreinar</i>	stálskipasmíði
bifreiðasmíði	stálvirkjasmíði
bifvélavirkjun	málmsuða, sérgrein
bílamálun	vélvirkjun
	kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein
<i>Hönnun, listiðn og handverksgreinar</i>	<i>Náttúrunýting</i>
feldskurður	skrúðgarðyrkja
glerslípun og speglagerð	
gull- og silfursmíði	<i>Rafiðngreinar</i>
hattasaumur	rafeindavirkjun
hljóðfærasmíði	rafveituvirkjun
klæðskurður karla	rafvélavirkjun
klæðskurður kvenna	rafvirkjun
leturgröftur	símsmíði
myndskurður	
skósmíðaiðn	<i>Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar</i>
steinsmíði	bókband
söðlasmiði	ljósmyndun
úrsmíði	prentsmíð
	prentun
<i>Matvæla- og veitingagreinar</i>	
bakaraíðn	<i>Þjónustugreinar</i>
framreiðsluðn	hársnyrtiðn
kjötiðn	snyrtifræði
kökugerð	tannsmíði
matreiðsla	
mjólkuriðn	

Jöfnunarstyrkur til náms

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eiga rétt á að sækja um styrk til jöfnunar námskostnaðar. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

Dvalarstyrkur – fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms.

Styrkur vegna skólaaksturs – fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla.

Umsókn á að senda til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skráning fer fram á vef LÍN. Þeir sem þess óska geta fengið umsókn á pappír hjá sjóðnum (lin@lin.is). Umsóknarfrestur er til **15. október**. Frestur hjá þeim sem eingöngu sækja um vorönn/sumarönn er til **15. febrúar**. Heimilt er að veita umsókn viðtöku í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest en þá skerðist styrkurinn um 1% fyrir hvern dag umfram fresting. Réttur til að sækja um styrk fellur niður að liðnum 4 mánuðum frá umsóknarfresti.

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Námsstyrkjanefnd
www.lin.is

